## Fundargerð.

16. dag maí mánaðar 1920 hélt hreppsnefndin
í Holts hreppi fund með sér að Hólum, til þess
að ræða um kaup á ½ jörðinni Hvammi
hér í hreppi, þar sem Ólafur Sveinsson bóndi
og eigandi jarðarinnar býð hreppnum ½ lenduna
til kaups fyrir kr. 3000.00 – þrjúþúsund krónur – Kvígilda-
laust. Um þessi kaup var tölvert rætt aftur og fram.
En að öllu athuguðu, sér meirihluti nefndarinnar
sér ekki fært að leggja í kaupið, undir þeim horfum
og öllum kringumstæðum, sem nú eru.
Hreppurinn afsalar sér því forkaupsrétti á jarðar-
parti þessum. Fleira ekki tekið til umræðu.
Fundi slitið.

Hólum 16. maí 1920

Jóhannes Friðbjarnarson oddv.
Pétur Benediktsson

Víxillán Samning og samþykktir af Sveini Árngrímssyni.

Þann 27. júní 1920 kom hreppsnefndin í - Holtshreppi saman að Skeiði. til þess þar og þá að ræða um ástæður hreppsins, svo og ýmsar fjárkröfur, utanað, sem á hreppnum hvíla.
Skýrði oddv. frá ýmsu þar að lútandi. og las upp bréf og reikninga um það efni.
Kom það þá í ljós, að skuldakröfur sem á hreppnum hvíla nú, og ekki verður hjá komist að greiða nú þegar eru um kr. 2500.00. -
Fyrir þessari upphæð hefir hreppurinn ekkert handbært fé nú, Sér nefndin því ekki annað fært, en að taka bráðabirgðalán.
Samþykkir hreppsnefndin því, og felur oddv. að taka víxillán í Sparisjóði Sauðárkróks kr. 2500.00 til næstu sex mánaða, eður þá við aðra peningastofnun ef það gengur ekki.
Ennfremur bar oddv. upp þá tillögu hvort ekki mundi ráðlegt að selja þann hlutann úr Borgargerði sem hreppurinn á nú, fyrir þær kr. 700.00 sem boðnar hafa verið fyrir partinn. (Var sú tillaga samþykkt, og oddv. falið að annast söluna og koma því í framkvæmd.) Frestað ákvörðun í því efni, þar til búið er að bjóða ábúanda Sjávarborgar kaup.

Þá gerði oddv. fyrir spurn til hreppsnefndarinnar hvað henni fyndist sanngjarnt að selja landskuld af Bakka fyrir fyrra ár. þar sem fyrverandi ábúandi ekki hefir til greiðslu. Ákvað nefndin að fráfarandi greiði kr. 55.00 fyrir sauðinn og greiði þá upphæð sem fyrst.
Þá kom til umræðu um hreppsvegavinnu í hreppnum og tilhögun á henni. var - henni jafnað þannig niður.
Dagsverk í Stíflu skulu ganga til vegagerða í Stíflu og er verkstjóri þar tilnefndur J. G. Jónsson Tungu.
Á Vesturlínunni gengur vinnan af því svæði til viðgerðar fyrir sunnan St. Br. og til nefndur verkstjóri Kristján í Bakka.
Skyldu vinna að austan, á svæðinu frá Bakka að Reykjum vinnist í Saurbæar og Minnholts braut og til nauðsynlegustu viðgerða á því svæði. Sveinn Brúnastöðum kosinn verkstjóri. Dagsverk frá Hraunum og Hrúthúsum gangi til malburðar á Hraunbr. gegn tillagi frá ábúanda að einhverju leiti.
Einar bóndi Guðm.s. sjái um verkið.

Dagsverkið er ákveðið kr. 10.00
Þá kom til umræðu um bygginguna laugargarðsins var ákveðið að verkið yrði framkvæmd undir stjórn ungmennafélagsins, en vanti vinnu til þess að ljúka við verkið telur nefndin víst að hún fáist með frjálsum samskotum.

Fleira kom ekki til umræðu, fundi slitið.

Jóh. Friðbjarnarson oddv.

Athugasemd. Ákveðin almenn vorsmölun á fimtud. 11 vikur af sumri, bæði heimaland og afrétt, og er ákveðið að hvert dilkafélag leggi til einn mann á afréttina. Hreppsnefndarmenn skulu tilkynna þetta hreppsbúum.

Jóhannes Friðbjarnars.
Pétur Benediktsson

Laugardaginn 13. nóvember 1920 hélt hreppsnefndin í Holtshreppi fund að Hinstöðum, í Stíflu, til þess að jafna niður útsvörum á hreppsbúa. Eftir að hafa athugað fjárhagsáætlun hreppsins fardagaárið 1920–1921 komst hún að þeirri niðurstöðu að jafna þyrfti niður, sem aukaútsv. nalt á 5000 þúsund krónum, og að útgjöld mundu hækka um full 20% frá fyrra ári. Þá reyndi nefndin að draga úr þörfum það sem hún frekast þorði og jafnaði í því niður kr. 4394.00 als.
Skift var ellistyrktarsjóðs peningum hreppsins – og hlutu hann 8 umsækendur, frá 20.00 – 70.00 – krónum hver. Fleiri mál ekki tekin til umræðu á fundinum.

Hinstöðum 13/11. 1920
Jóh. Friðbj. oddv.

Þann 3. Febrúar árið 1920 var almennur hreppsfundur settur og haldinn að Stóraholti, að viðstöddum mörgum bændum, og öðrum atkvæðabærum mönnum.
Fundinn átti að halda þann 2. Febrúar en fórst fyrir vegna veðurs.
Þetta gerðist á fundinum.

1. Lesin upp ellistyrktarsjóðs skýrsla, og tekið á móti athugasemdum við hana.
2. Lesið upp bréf frá bæjarstjóranum á Akureyri um Pálínu Guðmundsdóttir, til heimilis hjá Hallgrími Kráksssyni. Fer bæjarstjórinn framá það, í nafni Hallgríms, að fá með henni 200 krónur árlega. Eftir nokkra umræður, var samþykt, að borga kr. 150.00 með henni, til Hallgríms og geti reikningur sá ekki hækkað yfir árið. Annars heimtað, að fá hana flutta, fátækraflutningi hingað á sveitina, á næsta vori. Og fari svo, að hún verði flutt hingað, býðst Kristján bóndi í Stórubrekku til að taka hana fyrir kr. 200.00 – næsta fardaga ár.
3. Talað um ómaga hreppsins.
   a. Aldís Pétursdóttir á Tungu verður kyr með sama meðlagi og sömu kjörum kr. 400.00
   b. Jóhanna Bjarnadóttir á Tungu óráðstöfuð fyrst um sinn.
   c. Sofija Jónsdóttir á Nefstöðum. Fer að Brúnast. til Sveins Arngrímssonar með 80 krónum, og sömu kjörum að öðru leiti, og hún er með á Nefstöðum.
4. Forðagæsla. Kosinn forðagæslumaður í Stíflu í stað Sigurðar sáluga á Lundi. Kosningu hlaut Jónas bóndi Jónasson á Nefstöðum.
5. Vegamál. Mikið var rætt um vegina, sérstaklega um veginn frá Haganesvík að Fljótárbrú, og þaðan að Ketilás. Eftir langar umræður, var samþykt svo hljóðandi tillaga.
   „Fundurinn skorar á sýslunefndina, að hún leggi mjög ríflegan styrk, alt að kr. 1000.00 – til vegagerða frá Haganesvík að Fljótárbrú, og frá Fljótárbrú að Ketilás, gegn 500 krónum heiman úr hreppnum.
6. Sundmál. Talsvert var rætt um málið, og að endaðum umræðum, var samþykt svo hljóðandi tillaga. „Fundurinn skorar á sýslunefndina, að að veita styrk á næsta vori, til sundkenslu í hreppnum, alt að 75 krónum.

7. Siglufjarðarskarð. Samþykt var svohljóðandi tillaga: „Fundurinn skorar á sýslunefndina að gangast fyrir því, að skaðinn á Siglufjarðarskarði verði framkvæmd[ur] á næsta sumri, og fjárframlögum til viðgerðar.

8. Hundahreinsunarmál. Fundurinn tók mál þetta til meðferðar, og leit í ljósi, að það væri sorglegt, að engin hreinsun hunda hefði farið fram á þessum vetri. vegna þess, að engin hreinsunar meðöl hefðu komið. Skorað var á sýslunefndina, að sjá um, að eftirleiðis þyrfti þetta ekki að koma fyrir.

9. Símamál. Fundurinn skorar á sýslunefndina að senda áskorun til alþingis. þess efnis, að það taki hina nýhækkuðu símaskrá til athugunar, og fái hana lækkaða, svo hún verði, sem næst því, sem hún var fyrir s.l. áramót.

10. Sala Borgargerðis. Oddviti skýrði frá því, að til tals hefði komið, að selja þann hluta kots þessa sem Holtshr. ætti, fyrir kr. 700.00. Bar hann þetta undir atkvæði fundarins, og var samþykt að fresta sölunni, að svo komnu, ef hærra boð fengist seinna.

11. Fundarhúsmál. Töluvert var rætt um málið, og að aflokinni umræðum, var samþykt að kjósa 6 manna nefnd í málið. Þessir hlutu kosningu.
1. Guðm. Davíðsson Hraunum. 2. Guðm. Ólafss. St. Holti
3. Jón G. Jónss. Tungu. 4. Jóh. Friðbjs. Hólum
5. Sigurjón Sigtryggs. Skeiði 6. Sveinn A. Brúnastöðum.
Nefnd þessi ljúki störfum sínum svo fljótt, sem nokkt verður, og kalli síðan saman almennan fund, til að útkljá málið.

12. Aukaréttarmál. Fram kom umkvörtun frá Jónasi bónda á Nefstöðum um það, að aukaréttir væru alt of margar í hreppnum. Talsvert var rætt um málið, en ekkert var samþykt í þessu efni.

13. Kosinn 1. hreppsnefndarmaður, til næstu 2. ára í stað Sigurðar bónda Kristjánssonar á Lundi, er dó í vetur. Kosning fell þannig, að Sveinn Arngrímsson á Brúnastöðum var kosinn með 9 atkvæðum.

Fleira kom eigi til bókunar. Fundargerð upplesin og samþykt.

Jóhannes Friðbjarnarson oddv.
Guðm. Davíðsson

Árið 1921, 5. Febrúar var almennur
hreppsfundur settur og haldinn á
Stóraholti, að viðstöddum mörgum
bændum. Fundarstjóri var sjálf=
kjörinn Jóhannes oddviti Friðbjarn=
arson og kaus hann til skrifara
Guðm. Davíðsson á Hraunum.
Þetta gjörðist á fundinum:

1. Lesin upp styrktarsjóðsskýrsla og
tekið á móti athugasemdum við hana.
2. Talað um ómaga hreppsins:

A. Aldís Pétursdóttir á Tungu.
Verður kyr með sama meðlagi og með
sömu kjörum. Meðlag kr. = 400.00

B. Jóhanna Bjarnadóttir á Tungu.
Verður kyr með sama meðlagi kr. = 365.00

C. Sofía Jónsdóttir Húnastöðum.
Hún hefir verið á Húnastöðum og
Saurbæ þetta ár. Guðbrandur á
Saurbæ neitar að hafa hana lengur,
en Pétur er ekki staddur á fundinum.
Sveinn á Brúnastöðum býðst til
að taka hana fyrir 100 kr., ef hún
ekki verður kyr á Húnastöðum.

3. Bjarni Gíslason í Siglufirði.
Hann býr með stúlku í Siglufirði
og á með henni tvö börn. Hefir verið
heimtað með honum talsvert fé héð=
an af hreppnum. Sem von er, þá
þykir mönnum þetta harður kost=
ur og vilja helst að Bjarni komi
hér innfyrir með annað barnið,
og býðst Jón Jóhannsson á Minnaholti
til að taka Bjarna í vinnumensku
ef hann fæst góðfúslega til þess.
Og komist þá barnið niður einhvers
staðar hér innfrá.

4. Oddviti bar fram tillögu um það, að
hreppsbúar reyndi til að fá mann=
talsþing inní hreppinn framvegis.
Eftir nokkrar umræður var sam=
þykkt, að fara þess á leit við Sýslu=
mann Skagafjarðarsýslu að hann
vildi sinna þessari ósk hreppsbúa
og halda sérstaklega manntals=
þing framvegis innan endimarka
hreppsins sjálfs. Staður til mann=
talsþingsins er á næsta ~~ári~~ vori er
ákveðinn Minnaholt, vegna þess,
að ábúandinn í Stóraholti býst
við að fundarhús það er hann hefir
lánað fyrirfarandi verði í aðgjörð
um það bil sem þing að yrði. En
annars er búist við að þingstaður
verði framvegis í Stóraholti, eins

og til forna hefir verið.

5. Fundastaður í hreppnum.

Talað var um hvar opinbera hrepps-
fundi skyldi halda í hreppnum fram-
vegis. Eftir nokkrar umræður var
ákveðið, með yfirlýstu samþykki
ábúanda og eiganda, að fundastað-
ur skyldi framvegis verða á
Stóraholti — þangað til sá tími
kemur, að sérstakt fundahús
verður byggt fyrir hreppinn.

6. Hestarétt. Hreppsnefndinni var falið
á hendur, að sjá um, að á næsta vori
verði byggð hestarétt hér á staðn-
um úr timbri.

7. Bakki. Frímann B. Arngrímsson á
Akureyri hefir falast eftir kaupum
á jörðunni Bakka, sem hreppurinn á.
Dálítið var rætt um málið og að lokn-
um umræðum var samþykkt að
gefa honum kost á jörðinni. Ekkert
hámark fyrir söluverði var þó
ákveðið að svo stöddu. Skyldi ekki
að neinu hrapað í þessu máli.

8. Hundakofinn á Bjarnargili.

Reikningur kom fram á fundinum
frá Sigurði Jónssyni á Bjarnargili
þannig orðaður, að hann setur
upp 5 kr. árlega í síðastl. 8 ár fyrir
að lofa hundahreinsunarkofanum
að standa í Bjarnargils landi.
Reikningurinn var borinn undir
atkvæði og var samþykkt, að
borga honum 5 Kr. fyrir s.l. ár
en annars ekkert. Ennfremur
var samþykkt, að leita ~~[illegible]~~ samn-
inga við Sigurð um það, að hann
lofi kofanum að standa þarna
þar sem hann er, eftirleiðis fyrir
ekki neitt.

9. ~~Vegamál~~ Sundmál. Samþykkt var
að sækja um 20 kr úr sýslusjóði
gegn 60 kr. heimanúr sveitinni
til sundkenslu á næsta vori.

10. Vegamál. Akvegur frá Haganes-
vík að Fljótaárbrú eða Ketilás
og frá Hraunum að Stífluhólum.
Guðm. Davíðsson reifði málið
og skírði frá áliti Jóns verkfræð-
ings Ísleifssonar í málinu.
Mikið var rætt um málið og að
umræðum loknum var samþykkt:
1. Menn reyni með ráðum og dáð að
koma máli þessu í framkvæmd

og til þess að það geti orðið, taka hreppsmenn að sér 1/4 hluta kostnaðar þess, er af vegalagningunni leiðir.
2. Kosnir 3 menn til að mæta á hreppsfundi í Haganesvík næstk. Fimtudag, til að bera málið undir þann fund og leita fjárframlaga frá Haganeshreppingum til fyrirtækis þessa. Þessir hlutu kosningu. Guðm. Ólafsson Stóraholti
Jón Jóhannesson Minnaholti
Guðm. Davíðsson Hraunum.
3. Þessir sömu menn, og að auki Jóhannes oddviti og Jón G. Jónsson á Tungu, voru kosnir til að semja áætlun um niðurjöfnun ofangreinds fjárframlags. Sú áætlun leggist síðan undir almennan fund, að afloknum sýslufundi.
4. Þriggja manna nefndin undirbúi málið til Sýslufundar.

11. Samþykkt að sækja um til Sýslufundar að Jón G. Jónsson í Tungu fái endurgreiddar um 100 kr. sem hann lagði út fyrir sýslusjóð í vegavinnu s. l. vor.
12. Hrossakynbætur.
Samþykt var að hafa engan kynbótafola næsta ár = þetta ár.
13. Lágheiðarvegur
Fundurinn skorar á Sýslunefnd að hún sæki um 200 króna upphæð til aðgjörðar á Lágheiðarveginum.
Fleira kom ekki til umræðu.
Fundargjörð upplesin og samþykt.
Joh. Friðbjarnarson oddv.
Guðm. Davíðsson

Fimmtudaginn þann 5. maí 1921, hélt hrepps-nefndin í Holtshreppi fund að Gili, til þess að tala um ýms málefni hreppnum viðkomandi. Allir hreppsnefndarmennirnir voru mættir. Þessi mál voru tekin fyrir til athugunar.

1. Kaup á jörðinni Minnaholti, með áföstu húsi. Oddviti lýsti því yfir, að eigandi og ábúandi jarðarinnar hefði fært það í tal við sig, að hann væri fús til þess, að selja hreppnum Minnaholt með nýbygðu íbúðarhúsi fyrir kr. 12000.00. Hugmyndin sú að nota mætti húsið fyrir funda og skólahald vegna hreppsins. Eftir að hafa athugað mál þetta nokkuð, var borinn upp svohljóðandi tillaga. "Vegna ýmsra erfiðleika hreppsins, svo og breytinga á verðlagi allra hluta, sér nefndin ekki fært að leggja úti nein jarðakaup, og leggur því til, að málinu verði frestað að þessu sinni." Tillagan samþykkt.

2. Þá skýrði oddviti frá því, að ábúandinn á Bakka hefði farið þess á leit við sig, að hreppurinn keypti þann hluta af baðstofu, sem hann stækkaði hana um, s.l. vor, gegn því að fá eftirgefið 2 landskuldargemlinga. Eftir að hafa rætt lítið eitt um þetta mál. Kom nefndinni saman um að ekki gæti komið til mála að kaupa nú, en leggur til, að það verði látið bíða óuppgert til næstu ábúðar-skifta.

3. Þá minntist oddviti á 1500.00 króna víxil skuld á Sauðárkrók, sem fellur í gjalddaga 14. þ. m. Kom nefndinni saman um að reyna að fá víxilinn framlengdan í 6 mánuði og skrifar uppá 6 mánaða víxil í þeim tilgangi. Felur að öðru leiti oddvita að sjá um málið, eftir því, sem frekast er mögulegt.

4. Þá gat oddviti lítið eitt um ástæður hreppsins, og virtist honum, eftir því, sem næst var komist, að um 1000 krónu halli mundi verða á tekjum og útgjöldum hreppsins þetta fardaga ár. (þ.e. indirballans)

Jafnframt þessu gat oddv. um ýmsar skuldakröfur, sem á hreppnum hvíla, og vandræði þau, sem á eru að útleysa þær.

5. Þá gat oddv. um, að síðasti sýslufundur hefði skorað á alla hreppa sýslunnar, um að semja skýrslu um afréttir í hreppunum, og senda fyrir næsta sýslufund.
Hreppsnefndin sér ekki fært, að gera neitt í þessu máli nú, lítur svo á, að hreppsnefndir hreppanna Ólafsfj. og Austurfl. þurfi að koma saman og ákveða um merki á heiðinni, svo og leita sér annara upplýsinga í þessu máli. Fleira ekki bókað.

6. Minnst á umkvörtun Maríu á Lundi um of hátt útsvar og ósk um lækkun. Ekkert ákveðið í því efni.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóhannes Friðbjarnars. oddv.
Pétur Benediktsson

Árið 1921 laugardaginn þann 26. nóvember hélt hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér að Stóraholti, til þess að jafna niður, á hreppsbúa, gjöldum hreppsins. Allir hreppsnefndarmennirnir mættu á fundinum.
Fyrst samdi nefndin áætlun um tekjur og gjöld sveitarsjóðsins, fardagaárið 1921-22, og sýndi áætlunin að jafna þurfti niður
kr. 6915.00.
Þá byrjaði niðurjöfnunin og lagði nefndin til grundvallar skepnueign manna og virti hana til peninga, lagði síðan á eftir prósentum, mismunandi, eftir því, sem henni virtust efni og ástæður leyfa.
Jafnframt lagði nefndin á fasteignartekjur og atvinnu manna eftir því, sem henni var frekast kunnugt um, 5 kr. á atvinnutekjuhundrað og kr. 10 á eignartekjuhundraðið.
Með þessu fengust þá upp eftir niðurjöfnun-
kr. 6972.00

2. Þá var tekið fyrir að skifta elli-
styrktargjaldi hreppsins.
Upphæð sú, er til skifta kemur, eru kr. 240.–
og skiftist hann þannig.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Járunn Ingimundard. | Kr. | 40.00 |
| 2. | Jónas Jónasson | | 20.00 |
| 3 | Sigurbjörg Guðmundsd. | | 20.00 |
| 4 | Arngrímur Sveinsson | | 20.00 |
| 5. | Ólafur Jónsson | | 20.00 |
| 6. | Lilja Sveinsdóttir | | 20.00 |
| 7. | Guðfinna Gunnlaugsd. | | 20.00 |
| 8 | Sigríður Eiríksdóttir | | 20.00 |
| 9. | Guðrún Jónatansd. | | 20.00 |
| 10. | Ingibjörg Sveinsd. | | 20.00 |
| 11 | Guðm. Jóhannsson | | 20.00 |
| | samtals | | 240.00 Kr |

Fleira kom ekki til bókunar.

Stóraholti 28./11.-1921
Jóhannes Friðbjarnarson
Hannes Hannesson

Árið 1922, 21. d. Janúar, var almennur hreppsfundur haldinn á Stóraholti að viðstöddum fjölda bænda. Fundarstjóri var sjálfkjörinn Jóhannes oddviti Friðbjarnarson og fundarskrifari var kosinn Guðm. Davíðsson á Hraunum.

Þetta gjörðist á fundinum:

1. Oddviti lýsti yfir því, að hann væri eigi búinn að fullgjöra skrána* og því væri eigi hægt að lesa hana upp eins og venja hefði þó verið til á miðs=vetrarfundi.

2. Talað um ómaga hreppsins.

a. Aldís Pétursdóttir á Tungu.
Verður kyr með sama meðlagi = 400.00 Kr.

b. Soffía Jónsdóttir á Brúnastöðum, er óráðstöfuð fyrst um sinn. Talið búist við að hún gangi á milli margra.

c. Jakobína Jakobsdóttir á Akureyri, kona Einars Jónssonar. Er þegar búið að heimta með henni 70 kr. til Akureyrar. En oddviti hefir krafist þess, að hún yrði flutt hingað til hreppsins á næsta vori, ef hún þarf frekari styrks. Óráðstöfuð. Engin hætta talin á, að hún komist ekki niður.

d. Pálína Guðmundsdóttir á Akureyri óráðstöfuð fyrst um sinn, en odd=vita falið, að krefjast þess, að hún sé

* ellistyrktarsjóðs

flutt hingað á hreppinn á næsta vori.
Jafnframt skorað á oddvita að neita
að greiða meðlagshækkun Kr. 100.00, sem
Akureyrarbær hefir greitt með henni
yfirstandandi fardagaár, framyfir,
það, sem samið hafði verið um af
þessa hrepps hálfu.

3. Hallgrímur Jónsson á Grindli.
Maður þessi er einhleypur maður en á
2 börn uppi á Sauðárkróki og þarf
hreppurinn að borga með þeim
Hallgríms vegna 240.00 Kr. þetta
þykir mönnum harður kostur. Var
samþykkt að leita úrskurðar sýslu=
manns um Hallgrím og reyna síðan
að ná meðlagi barnanna hjá honum.

4. <u>Afréttarmál</u>. Sýslumaður hafði skrifað
hreppsnefndinni um að gjöra lýsingu
af landamerkjum afréttarinnar. Átti
sú lýsing að gjörast fyrir s.l. nýjár; en
þar sem ekkert hafði verið í þessu
gjört, fellur það mál um sjálft sig —
að minsta kosti að svo komnu.
Ennfremur skoraði oddviti á bændur,
að vera búnir að segja til þess fyrir
vorhreppaskil hvort þeir vildu áskilja
sér rétt til upprekstrar á Stíflu=
afrétt framvegis, eða afsala sér honum.

5: <u>Hundahreinsun</u>.
Það hefir dregist til þessa, að hreinsa
hunda í hreppnum og veldur því mis=
tök á sendingu skamtanna frá sýslu=
manni til oddvita. En nú á að
vinda að því, að hreinsa hundana
sem bráðasta, svo skýrsla um
hreinsunina komist á sýslufund.
Hreinsunarmaður í Stíflu er Þor=
leifur Jóhannsson á Knappstöðum
en neðan Hólanna Jóhann Þorsteinsson
á Hólum.

6. <u>Refaeitrun</u>. Hreppsnefndin hefir
fengið ákæru hjá sýslunefnd fyrir
það að ekki væri eitrað fyrir refi
~~og~~ hér í hreppi. En þar sem engar
tóur hafa sézt hér í hreppi, eða nær=
liggjandi hreppum (Ólafsfirði og Siglufj.)
í mörg undangengin ár, þá sjá menn
enga ástæðu til, að bera út fyrir tóur
á þessum vetri — eða þá ekki fyr en
ef refa verður vart.

7. Lesið upp bréf frá oddvita sýslun.
um það að menn segi álit sitt um
skattstofna til sveita og ~~sveita~~ sýslu sjóða,
og ennfremur um einkasölu stjórnar=
innar á kornvöru. — Út af þessu
kom fram tillaga frá Jóni Jóh. á Minna=

holti um það, að málið yrði tekið útaf dagskrá vegna ónógs undirbún=ings undir fundinn. Tillagan var samþykkt.

8\. <u>Sundmál</u>: Samþykkt var að sækja um 90 kr. styrk úr sýslusjóði til sundkenslu á næsta vori, hér í hreppnum.

9\. <u>Vegamál</u>: Samþykkt var að ~~sækja um~~
a. ~~500 kr.~~ skora á sýslunefndina að gjöra sýsluvegina í Fljótum svo úr garði að þeir sé vel færir mönn=um og skepnum. Sinni hún eigi áskorun þessari, sjá hreppsbúar sér eigi annað fært, en að leita aðstoðar stjórnarvalda til þess, að sýslu=nefndin gegni skyldu sinni, hvað þetta snertir.

B. Sýsluvegur í Haganesshreppi.
Útaf umræðum um þenna veg, var tillaga þessi borin upp og samþykkt:
„Þar sem Haganesshreppingar hafa eigi sýnt nokkura viðleitni s.l. ár, með að gjöra við brautina vestur frá Fljótaár=brú, sem er <u>með öllu</u> ófær og við liggur á næsta vori, að umferð um brúna verði ómöguleg, þá leyfir fundurinn sér, að skora á Sýslunefnd að gefa Haganesshreppingum áminn=ingu þessa vegna og sjái um, að hrepps=nefnd Haganesshrepps gæti skyldu sinnar í vegamálum framvegis.

10\. <u>Fræðslumál</u>.
Fræðslunefndin skýrði ítarlega frá störfum sínum síðan í haust, ráðning kennara o.s.frv.
Var mikið rætt um fræðslumálin. Jón kennari Jóhannesson á Minnaholti vildi fá sig lausan frá kennarastöð=unni. En fyrir bón fræðslunefndar o.fl. tók hann að sér að halda kensl=unni áfram, svo alls verði kent í 24 vikur ~~alls~~ í vetur. Var afráðið að senda fræðslumálastjóra skeyti um þetta, strax á morgun.

11\. <u>Lágheiðarvegur</u>. Samþykkt að skora á sýslunefnd að sækja um 200 kr. úr ríkissjóði til aðgjörðar á Lágheiði á næsta ~~vori~~ sumri.

Fundargjörð lesin og samþykkt.

Jóhannes Friðbjarnarson oddv.
Guðm Davíðsson.

Laugardaginn 27. januar 1922 hélt hrepps-
nefnd Holtshrepps fund með sér að Stóraholti.
Efni fundarins var að ræða um skuldakröggur
hreppsins. Las oddv. upp bréf frá sýslumanni
þar sem hann ræður helst til að leita til
sýslusjóðs um lán handa hreppnum, þá
þá ábyrgð fyrir láni. Eftir nokkrar um-
ræður um málið, sér nefndin ekki aðra
leið færa, en að leita til sýslusjóðs um-
ráða byggja lán, allt að kr. 2500.oo –
til þess að greiða með þær skuldir. sem
mest á liggur. Oddvita falið að skrifa
til sýslunefndar um málið, skýra sem
best frá ástæðum hreppsins, og leita
um lán úr sýslusjóði á þær grendir
upphæð. Fleira kom ekki til bókunar
fundi slitið

Stóraholti 27/1.–1922

Jóhannes Friðbjarnarson oddv.

Hannes Hannesson

Þriðjudaginn 6. maí 1922
átti hreppsnefnd Holtshrepps fund
með sér að Stóraholti til þess, að
kjósa sér oddamann og var
Einar B. Guðmundsson á Hraunum
kosinn oddviti sveitarstjórnar
Holtshrepps í einu hljóði.
Varaoddviti er Sigurjón Sigtryggs-
son á Reykjum, einsog verið hefir.

Talað var um fé það, sem
fást myndi úr ~~líftryggingar-
sjóði~~ slysatryggingarsjóði
eftir Bjarna Gíslason, hvernig
því skyldi varið. Kom hrepps-
nefndin sér saman um, að taka
annað barnið og þess hluta af
lífsábyrgðarfénu eða þá, að Sigl-
firðingar hafi hvorttveggja héðan
af — sjái um bæði börnin hér eftir
og hafi líftrygginguna, án tilkalls til
Holtshrepps.

Hreppsnefndin kom sér saman um, að halda fund með sér á hverjum mánuði.

Sigurjóni Sigtryggssyni á Reykjum var falið á hendur að tala við ekkjuna á Bergkyl um hennar lífskjör framvegis; og einnig um það, hvort hún vildi ekki að fé það sem hún fengi úr Slysatryggingarsjóði yrði sett á vöxtu.

Einnig var honum falið, að tala við ekkjuna á Skeiði um hið sama.

Fundargjörð upplesin og samþ.

Einar B. Guðmundsson.

Hannes Hannesson

Sigurjón Sigtryggsson

Guðm. Ólafsson

Jónas Jónasson

Þann 25.—6. 1922 hélt hreppsnefndin fund með sér að Stórahólti, til þess að ræða um vegamál hreppsins, hvar og hvenig vinna skyldi. Frá á fyrra ári voru ounnin 29 dagsverk, en hreppsnefndin áleit 3 af þeim ófáanleg þar ed 2 þeirra voru fluttir úr sveitinni sem öreigar en einn varðaði innheimtu hreppsnefndar því ekki á, nema 26 d.v. frá fyrra ári og 63 frá þessu ári, og 50 dv. úr sýslusjóði sem verða samtals 139 d.v. En vafasamt þótti hreppsnefndinni að öll þessi dagsverk fengjust vegna þess að nokkrir fátæklingar höfðu flust burt.

Ákveðið var að leggja 26 dagsverk til brautarinnar frá Fljóarbrú til Ketiláss. Verkstjóri á þeim parti verður Jón G. Jónsson Tungu.

Í veginn fyrir utan og sunnan Minnaholt var ákveðið að komast af með 12 dagsverk. Verkstjóri á þeim parti verður Guðm. Stórahólti.

Hraunabraut — Ákveðið var að leggja 21 dagsverk í þá braut. Verkstjóri Guðm Davíðsson

Lambanesás — þar skulu 4 menn vinna að hreinsun og 2 ræsum. Verkstjóri Guðm. Davíðsson

Helgustaðabraut þar skulu unnin 10 dagsverk. Verkstjóri Guðm. Holti

Laugarveg þar skulu unnin 15 dagsverk. Verkstjóri Jón G Jónsson Tungu

Brattabrekka þar skulu unnin 4 dagsverk
Verkstjóri Jón G. Tungu

Húnstaðabraut þar skulu unnin 13 dagsverk
Verkstjóri Jón G. Tungu

Melbreiðarbraut þar skulu unnin 20 dagsverk
Verkstjóri Jón G. Tungu

Fyrir utan Illugastaði þar skulu unnin 8 dagsv.
Verkstjóri Sæm. Davíðsson

Ákveðið var að verja fé sem nema 4 dagsverkum til þess að kaupa Mölbrjóta.

Fundargerð lesin upp og samþykt
Einar B. Guðmundsson. Sigurjón Sigtryggss
Jónas Jónasson
Hannes Hannesson Guðm. Ólafsson

Ath.: Sýslunefndarmaður Holtshrepps sat fundinn með hreppsnefndinni og tók í ráðum með henni sökum þess að hann á að sjá um ákveðið sé hvað það fé það er veitt er úr Sýslusjóði. — L.

Laugardaginn þ. 8. júlí 1922
kom hreppsnefndin í Holtshreppi saman í Stórholti til þess að ræða um ýms sveitarmál.
Þetta gerðist á fundinum:

1. Oddviti lagði fram bréf frá sýslumanni Skagafjarðarsýslu ásamt bréfum frá sýslumanni Eyjafjarðarsýslu og oddvita Glæsibæjarhrepps í sömu sýslu, viðvíkjandi Guðjóni Jónssyni, sem hefir þegið þar af hrepp nú síðastliðið ár. Einnig var krafa frá ~~1921~~ f. á. ógreidd.
2. Þá lagði oddv. fram bréf frá sýslum. Skagafj. sýslu vegna sveitfestis Guðrúnar Sigurðardóttur á Ytri-Hofdölum í Skag.
3. Hreppsn. fól oddvita að grenslast eftir gjörðum fyrverandi oddvita gagnvart Guðjóni Jónssyni. Einnig fól hún honum að krefjast þess,

að Guðjón verði sendur heim á hrepp sinn, umsvifalaust.

4. Hreppsn. sá sér ekki annað fært en að viðurkenna sveitfesti Guðrúnar Sigurðardóttur.

5. Hreppsnefndin fól oddvita að taka alt að 3000 kr. bráðabyrgðalán þar sem haganlegast væri og skrifaði í tilefni af því upp á víxil.

Einn nefndarmanna, Jónas Jónasson, mætti ekki á fundinum.

Fundargerð upplesin og samþykt.

Einar B. Guðmundsson.

Sigurjón Sigtryggsson

Hannes Hannesson

Föstudaginn þ. 18 ágúst kom hreppsnefndin í Holtshreppi saman að Stórholti. Þetta gerðist á fundinum:

1. — Oddviti skýrði hreppsnefndinni frá því, að hann hefði fengið bráðabyrgðavíxillán í Landsbankanum í Reykjavík, að upphæð 3000 kr. og sent Sýslum. Skagafjarðarsýslu peningana — eða 2900 kr. af þeim — til greiðslu á ýmsum skuldum hreppsins. ~~annig~~

2. — Oddviti skýrði frá, að Guðrún Sigurðard. frá Ytri-Hofdölum væri komin, og hefði hann komið henni fyrir hjá Jóni Gunnlaugssyni á Deplum fyrir 300.00 kr yfir árið. Samþ. hreppsn. þá ráðstöfun og það með, að ef að staður byðist fyrir hana með minna meðlagi, þá mætti sinna því.

3. -Oddviti minntist á Guðjón Jóhannsson, sem fyrverandi oddviti áhli
4. að kalla heim en gæti ekki. Eftir dálitlar umræður félst nefndin á
það, að ekki myndi vera ráðlegt að kalla hann heim að svo vöxnu
5. máli.

4. Niðurjöfnun fjallskila í haustleit

Var þá komið að aðalmálefni fundarins. ~~Athugaði~~ Var fyrst athugað hve marga menn þyrfti á hvern stað og varð það 92 dv. alls. Kemur þá 1 dv. - fjallskil - á hverjar 13 kindur þeirra manna, sem hreppsnefndin jafnar fjallskilum niður á. Var ákveðið að sá, sem ~~hefði helmin~~ átti 20 kindur eða 7 - og þaðan af meira - fram yfir hverja 13 í kindatölunni, skyldi láta 2 fjallskil, en sá, sem ekki átti nema 19 kindur - eða 6 fram yfir hverjar 13 - skyldi láta 1 fjallskil.

Ákveðið var, að aðskilja hreppssjóð og fjallskilasjóð, sem runnið höfðu saman hjá síðasta oddvita. Fjallskilastjóri skal hafa umsjón sjóðsins og hafa fé hans á vöxtu.

Í Svarfaðardal skulu þeir fara Árnór Björnsson á Knappstöðum og Páll Sigurðsson á Dunar. Skal sá fyrri hafa 2, sá síðari 3 fjallskil fyrir það.

Í Flókadal fara öll fjallskil frá Stórubrekku, bæði tölu.

Lambanes og Reykjabændur skulu ganga portinn frá Torfdal út á Ytri-Eggjabrekku í báðum göngum. Fá þeir fyrir það: Kristján í Lambanesi 1 fjallskil og Sigurjón og Hermann á Reykjum sín fjallskilin hvor = 3 fjallskil alls.

Þorbergur á Lambanesreykjum tekur útréttning úr Hraunarétt og kemur honum til aðalréttar fyrir 1 fjallskil.

Samþ. var, að semja við Sigl-
firðinga þannig lagað, að þeir
hirði fé Holtshrepps í Siglufirði og
komi því inn að Hraunum, gegn
því, að Sigluf. fé sé hirt í Ólafsfirði
og Stíflurétt og komið ofan að Hraun-
um. Eiga þeir Páll á Illugast. og
Sveinn á Brúnast. að sjá um þær
kindur úr Stíflurétt ofan að Hraun-
um, gegn 1um fjallskilum hvor.

Sigurjón á Reykjum er skipaður
réttarstjóri ~~og~~ í Stíflurétt og Jónas
á Nefstöðum fjallskilastjóri. Hafa
þeir sín 3 fjallskilin hvor fyrir.

Réttarstjórar: Í Holtsrétt, Guðm.
í Stórholti; í Hraunarétt Guðm. á
Hraunum; í Kleyfnarétt, Bogi á
Stóruþverá; í Tungurétt, Jón í Tungu.

Samþ. var, að senda Siglfirð-
ingum áskorun um, að hirða fé það,
sem þeir eiga í Holtsrétt, svo
ekki þurfi að þvælta því til aðal-
réttar. Felur hún oddvita sínum,
að gera það.

Einar B. Guðmundsson.
Sigurjón Sigtryggsson
Jón Jónsson
Hannes Hannesson

*Eftirrit*

Sunnudaginn h. 27.
ágúst ~~hel~~ áttu hreppsnefndir
Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu
og Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu
fund með sér á Lágheiði til að koma
sér saman um landamerki hrepp-
anna á heiðinni, ásamt fleiru þar
að lútandi. Voru mættir fyrir hönd
hreppanna þeir Ásgrímur Þorgrímsson,
bóndi á Karlsstöðum fyrir hreppsnefnd
Ólafsfjarðar og Einar B. Guðmundsson
á Hraunum og Hannes Hannesson,
bóndi á Melbreið fyrir hreppsnefnd
Holtshrepps. Auk þess voru fleiri
við. Það, sem nefndir menn komu
sér saman um, er, sem hér segir.

1. Landamerkin skulu vera í vörðu,
sem stendur á Grenishól, þvert yfir heið-
ina í svokallað ytra-Rauðagil og
eftir því til eggja. Lenda þá landamerkin
því sem næst uppi á svokölluðum hunda-
hnjúk eða Hreppendaársúlum.
2. Skyldi fara svo, að girt yrði þvert yfir
heiðina, á landamerkjum hreppanna,
má ekki girða utar en í innra Rauðagil,
sem er nokkru innar en ytra Rauðagil
og fyrsta stórt gil að vestanverðu, utan
við vatnaskil á heiðinni.
3. Fljót skulu sjá um grenið, sem stendur
í Grenishól, rétt á landamerkjum, að öllu
leyti.
4. Ólafsfirðingar skulu árlega sjá um
fjallgöngur á allri vestur-Lágheiði. Skal
sá hluti vesturheiðarinnar, sem Fljót
eiga, genginn til Stýflurréttar, sömu
daga, og Fljótamenn ganga sínar
göngur.
5. Fljótamenn skulu ganga fjallgöngur
á allri austur-Lágheiði, svo sem verið
hefir.

Þessu til staðfestu undirrita
nefndir menn samning þenna.

Vottar: Ásgrímur Þorgrímsson.
Guðm. Bergsson. Einar B. Guðmundsson.
Anton Jónsson. Hannes Hannesson.
Guðjón Jónsson.

(Þinglesið Hnvík, 1923)

Eftirrit

Sunnudaginn þ. 12. nóv. 1922 héldu hreppsnefndir Holts- og Haganeshrepps fund með sér í Haganesvík. 3 hreppsnefndarmenn voru ekki mættir, þeir Stefán Jóhannsson í Móskógum, Guðm. Ólafsson í Stórholti og Jónas Jónasson á Nefstöðum.

Tilefni fundarins var það, að láninu við ~~Ha~~ útbú Landsbankans á Akureyri, sem tekið hafði verið fyrir Kaupfélag Fljótamanna 1915, og hrepparnir voru í ábyrgð fyrir, hafði verið sagt upp.

Fundarstjóri var kosinn Hermann Jónsson og tilnefndi hann skrifara þá Sæmund Dúason á Krakavöllum og Einar B. Guðmundsson á Hraunum. Nokkrar umræður urðu um málið.

Loks voru samþyktar svohljóðandi tillögur:

1. Fundurinn samþykkir, að sveitarsjóðir Holts- og Haganeshrepps taki að sér greiðslu á skuldum Kaupfélags Fljótamanna, Haganesvík, við útbú Landsbankans á Akureyri og Sparisjóð Sauðárkróks, er nefndir hreppar hafa áður ábyrgst, í sömu hlutföllum og þeir greiða að vori sameiginlegar skuldir, ef svo er ákveðið í ábyrgðarskjalinu, annars að jöfnum hlutum.

2. Fundurinn samþ., að fela tveimur mönnum, sínum úr hvorum hreppi, að ná því, sem mögulegt er af útistandandi kröfum kaupfélagsins. Reyna samninga við skuldeigendur og gera full reikningsskil árlega, fyrir sameiginlegum fundi beggja hreppsnefnda í nóv.

3. Fundurinn samþ. að fela tveimur mönnum að endurskoða öll skjöl og ~~rei~~ reikninga kaupfélagsins, frá árinu 1915 til þessa tíma.

Tillögurnar komar upp í einu lagi og samþyktar með öllum atkvæðum.

Innheimtan var falin oddvitum hreppsnefndanna.

Endurskoðendur voru þeir kosnir Sæmundur Dúason á Krakavöllum og Hermann Jónsson á Ystamói.

Fundarg. upplesin og samþ.

Einar B. Guðmundsson. Herm. Jónsson.
Sæm. Dúason. Hannes Hannesson.
Páll Ásgrímsson. Sigurbjörn Jósefsson.
Sigurjón Sigtryggsson.

Mánudaginn þ. 13. nóv. 1922, kom hreppsnefnd Holtshrepps saman til að jafna niður aukaútsvörum. Sat hún 3 daga á rökstólum, reyndi fleiri aðferðir, en jafnaði loks niður, sem hér segir:

1. Lagt var á ábúð á hverri jörð í hreppnum, þannig, að 3‰ var lagt á jarðarverðið samkv. síðasta fasteignamati (1922) og 1½‰ á húsaverð samkv. sama mati, nema þar sem miklar byggingar höfðu orðið á jörðunum síðan metið var. Þar var húsaverðið hækkað.

2. ~~Lagt var á ábúð~~ Afganginum sem jafna þurfti niður, skift í 2 jafna parta, eða því sem næst. Var öðrum helmingnum skift niður á skuldlausar eignir hreppsbúa, samkvæmt síðustu skattskrá,

en þó dregið úr, þar, sem hrepps-
nefndin vissi með vissu, að eignir
höfðu minkað til mikilla meina
síðan að skattskráin var samin.

Hinum helmingnum var
skift niður á tekjur manna þannig,
að afurðir hverrar ær í fardögum
voru metnar 25 kr. nema hjá ein-
um manni á 30 kr. fullt af gemling-
um á 2.50 kr. á kind og 2000 l.
af mjólk úr hverri kú á 9.25 kr. pr. l.
= 500 kr. eftir kúna. Þar að auki
voru aðrar tekjur manna áætlaðar
og lagt á þær eins og tekjurnar
af lifandi peningi.

Hreppsnefndin treysti sér ekki
til að leggja á tekjur manna af
gamalpeningi og því um líkt,
þar eð hún var hvergi nærri nógu
kunnug til að geta áætlað þær
samngjarnlega, hjá hverjum einum.

Slepti hún því alveg álagningu
á slíkar tekjur. Voru lagðar
14.30 kr. á hvert þúsund í skuld-
lausri eign og 3 kr. á hvert pund-
að af tekjum. — Á þetta aðallega
við bændur.

Á búlausa menn og konur
var lagt að nokkru eftir þessu
en að mestu eftir áliti hreppsn.
um það, hve mikið hver gæti borið
samngjarnlega af útgjöldum
hreppsins.

Þegar þetta var búið kom
það í ljós, að óþarflega miklu
hafði verið jafnað niður, samkv.
áætlun. Var þá dregið úr hjá
þeim, sem helst virtust þurfa þess
með.

3. Þegar að niðurjöfnuninni
var lokið var úthlutað styrk úr
ellistyrktarsjóði Holtshrepps.

Til úthlutunar komu kr. 240.00
10 menn sóttu um styrkinn.
Einn þeirra, Friðfinnur Þorkelsson, fékk engan styrk, þar eð hann á efnaðan son, er sér fyrir honum. Hinir allir umsækjendur fengu styrk sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Jórunn Ingimundardóttir | kr. | 40.00 |
| Sigurbjörg Guðmundsdóttir | — | 30.— |
| Angrímur Sveinsson | — — | 30.— |
| Guðfinna Gunnlaugsdóttir | — | 25.— |
| Sigríður Eiríksdóttir | — — | 25.— |
| Guðrún Jónatansdóttir | — | 25.— |
| Kristín Þorkelsdóttir | — — | 25.— |
| Ingibjörg Sveinsdóttir | — — | 20.— |
| Jón Gunnlaugsson | — — | 20.— |
| Samt. | | 240.— |

Niðurjöfnunarskráin lögð fram í Stórholti þ. 19. þ.m.
Fleira ekki gert; fundi slitið

Einar B. Guðmundsson  Þórir Jónsson
Sigurjón Sigtryggsson  Hannes Hannesson

Miðvikudaginn þ. 27. des. 1922 var fundur settur að Stórholti í tilefni af 4 útsvarskærum, sem komið höfðu frá:
Sveini Arngrímssyni, Brúnastöðum,
Jónasi Jósafatssyni, Móafelli,
Einari Eyjólfssyni, Sléttu og
Andrési Þorsteinssyni, Minnaholti.

Var þá tekið fyrir:

1. Útsvar Jónasar á Móafelli:
Krafðist kærandi þess, að útsvar sitt yrði lækkað um kr. 30.00. Tillaga kom fram um það, að lækka útsvarið um kr. 15.00. Var kæranda gert tilboð um þá lækkun og gekk hann að því. Þeirri kæru þar með lokið.

Þegar hér var komið þótti sýnt, að ekki myndu fleiri menn mæta á fundinum en orðið var. En þessir menn voru mættir: 1. Einar B. Guðmundsson, Guðm. Ólafsson og Sigurjón Sigtryggsson.

2. Allir kærendur og Guðbrandur Árnason í Saurbæ, samanburðarmaður Einars á Sléttu. Hinir kærendurnir 3 höfðu enga samanburðarmenn.

2. Kæra Einars Eyjólfssonar, Sléttu. Samkvæmt upplýsingum kæranda kom í ljós, að hreppsnefnd hafði gert honum of mikla heysölu. Nam sá mismunur kr. 7.50. Var kæranda gert tilboð um þá lækkun og gekk hann að því.

3. Kæra Andrésar Þorsteinssonar, Minnaholti. Fór hann fram á, að útsvar sitt yrði látið niður falla, þar eð hann væri ekki heimilisfastur í Holtshreppi.

Þegar hreppsnefndin jafnaði niður útsvörunum, var ekki liðið meira en 2½ mánuður frá því kærandi flutti í sveitina. Kannaðist hreppsn. því við, að hún hefði lagt ranglega útsvar á kæranda á þeim tíma, sem það var gert. Tók hún því útsvarið til baka en lýsti yfir því, að hún myndi láta aukaniðurjöfnun fara fram síðar.

4. Kæra Sveins Arngrímssonar, Brúnastöðum. Kærandi fór fram á kr. 100.00 lækkun. Sagði hann, að eignir sínar hefðu verið taldar kr. 1000.00 of ~~hátt~~ miklar á síðustu skattskrá. Kom nefndinni saman um, að útsvarið lækkaði um það, sem lagt var á þessar 1000.00 kr. þegar kærandi hefði sannað sitt mál. Nam það 57.00 kr. og gekk kærandi að því.

Fleira ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt.

Einar B. Guðmundsson.

Sigurjón Sigtryggsson

Fimtudaginn 4. jan. 1923 hélt hreppsnefnd Hólshrepps fund með sér á Hraunum. Þessa menn vantaði á fundinn:
Jónas Jónasson, Nefstöðum
Guðm. Ólafsson, Stórholti.

Verkefni fundarins var aukaniðurjöfnun.

Jafnað niður 150.00 kr. Aukaniðurjöfnunarskráin lögð fram á Hraunum 8. jan.

Minst var á Stefán Ásgrímsson. Dvelur hann á Ísafirði og hefir þegið þar, 16 nóv. s.l. 100 kr. af sveit. Samþ. var, að viðurkenna Stefán, sem hrepplegan hér, en krefjast hans heim, ef hann þyrfti meiri styrk.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Einar B. Guðmundsson. Hannes Hannesson
Sigurjón Sigtryggsson

---

Eftirrit.

Árið 1923, 10. d. Febr. var almennur hreppsfundur haldinn á Stórholti að viðstöddum fjölda bænda. Þetta gerðist á fundinum:

1) Lesin upp styrktarsjóðsskrá og gerðar leiðréttingar við hana.

2) Talað um ómaga hreppsins.
a. Aldís Pétursdóttir í Tungu. Verður þar með sama meðlagi kr. 400.00
b. Guðrún Sigurðardóttir á Deplum.

3) Þegar hér var komið, kom fram tillaga frá Arnóri Björnssyni á Knappstöðum, þannig löguð, að hreppsnefnd tæki að sér eftirleiðis að koma niður ómögum hreppsins í kyrrþey, svo þeir ekki þurfi að koma til umtals á almennum fundum. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt: Af þessari samþykkt leiðir það, að allir ómagar hreppsins eru óráðstafaðir, að Aldísi

meðlaldri, með samþykki J. G.
Jónssonar í Tungu.

4.) Eitrun refa. Samþ. var, að eitra ekki fyrir refi að þessu sinni, þar sem engin merki hafa séðst til refa í þessu byggðarlagi í mörg ár.

~~5. Sundmál. Samþykkt var að eitra ekki fyrir refi að þessu sinni~~

5. Sundmál. Samþykkt var, að sækja um 90 kr. styrk úr sýslusjóði til sundkennslu styrks á næsta vori.

6. Vegamál. Í vegamálum var samþykkt orðrétt tillaga frá miðsvetrarfundi 1922, a og B. (sjá þar)

7. Brúarmál. Tillaga frá Guðm. Ólafssyni á Stóraholti kom fram þannig hljóðandi:

„Fundurinn skorar á oddvita sýslunefndarinnar, að hann hlutist um, nú þegar, að aðgerð fari fram á Fljótaárbrú, þar sem brúin nú er orðin svo skemmd af fúa, að sjáanlegt er, að hún getur ekki álitist umfærileg, næsta sumar, að öðrum kosti."

Borin undir atkvæði og samþ.

8. Leitað hófanna, hvort menn vildu ekki leggja hluti í væntanlegar kembingarvélar fyrir sýsluna, þessir lofuðu hlutum

Jón G. Jónsson, Tunga kr. 100.00
Guðm. Davíðsson, Hraun — 100. —
Einar B. Guðmundsson — 100. —
Jón Gunnlaugsson, Deplum — 25. —
Arnór Björnsson, Knappst. — 25. —
Jóhann Guðmundsson, Þrasastöðum — 50. —
Steini Kristjánsson, Mimh. — 50. —
Hannes Hannesson, Melbreið — 50. —
500.00

Flutt kr. 500.00

| | |
|---|---|
| Jón Arngrímsson, Bakka | 25. — |
| Jónas Jónasson, Nefstöðum | 25. — |
| Guðm. Benidiktsson, Minnibr. | 25. — |
| samtals | 575. — |

9. fjárrekstrar. Vegna óreglulegra rekstra utanhreppamanna til Siglufjarðar í sumar og haust, stakk oddvitinn upp á því, að eitthvað yrði gert eftirleiðis til að stemma stigu fyrir því, að óregla með rekstra yrði hin sama eftirleiðis og verið hefir. Undir umræðunum kom það fram, að skorað hafði verið á sýslunefndina að semja um bæjarstjórn Siglufjarðar um þessi mál. Þessi tillaga kom fram:

„Fundurinn samþykkir, að fela hreppsnefndinni, að fara þess á leit við bæjarstjórn Siglufjarðar, að hún leyfi enga slátrun á sauðfé, í Siglufirði, innan yfir fjall, án undanfarandi markaskoðunar, af þar til kjörnum hæfum manni, svo framarlega, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu geri ekkert í málinu.“ — Borin upp og samþ.

10. Svohljóðandi tillaga kom frá Jóhanni Guðmundssyni á Þrasastöðum:

„Fundurinn skorar á hreppsn. að hlutast til um það, að fenginn verði sveitapóstur frá Haganesvík til Þrasastaða, með æskilegum viðkomustöðum.“

Borin upp og samþ.

Fleira var ekki gert á fundinum til bókunar komið. Fundarg. lesin upp og samþykkt.

Einar B. Guðmundsson
Guðm. Ólafsson.

Laugardaginn þ. 10 febr. 1922, hélt hrepps nefndin í Holtshreppi fund með sér í Stórholti. Sigurjón Sigtryggsson vantaði á fundinn. þetta gerðist.

1. Oddviti skýrði frá því, að Jóhann Benidiktsson á Stóragrindli hefði farið þess á leit við sig, að hreppurinn annaðhvort keypti ~~eða~~ 1/3 af Stóra-Grindli í Haganeshreppi handa sér eða gengi í ábyrgð fyrir sig, svo að hann sjálfur gæti keypt. Var það samþ. í einu hljóði að hreppurinn gæti það ekki.

2. Kosinn fátækrafulltrúi Holtshrepps. Var Sigurjón Sigtryggsson kosinn í einu hljóði.

Fleira gerðist ekki.

Einar B. Guðmundsson Jón Jónsson
Hannes Hannesson

Sunnudaginn þ. 29. apríl hélt hreppsnefnd Holtshrepps fund með sér á Hraunum. Guðmund í Stórholti vantaði á fundinn. Þetta gerðist.

1. Oddviti las upp innihald þeirra bréfa, sem honum höfðu borist síðan að hann tók við oddvitastörfum. Sömuleiðis orðrétt þau bréf, sem hann hafði látið frá sér fara. Voru nefndarmenn samþykkir bréfum þeim, sem hann hafði skrifað fyrir nefndarinnar hönd.

2. <u>Fundahús</u>. Samþykt var, að leita hófanna við Guðmund Ólafsson í Stórholti um það, að lána fundahús á næsta ári. Vill hreppsnefndin greiða kr. 50 — fimmtíu króna

fyrir alla fundina að niðurjöfnun fráskildri. Fari svo, að samkomulag náist ekki, skulu Guðmundi boðnar kr. 10 – tíu – fyrir hvern fund, en þá skulu hreppsnefndarfundir haldnir á Hraunum endurgjaldslaust, að niðurjöfnun undanskildri.

3. Bakki: Samþykt var, að láta vinna á túninu, mala og ausa. Tekur Jónas bóndi á Nefstöðum það að sér fyrir kr. 20 – tuttugu –

Núverandi ábúandi jarðarinnar, Jón Arngrímsson, hefir beðið þess, að fá kúgildið leigt. Var það samþ. gegn 5 kr – eftirgjaldi eftir árið.

Ábúandi á 2 peningshús á jörðinni. Var ekki álitið álitlegt að kaupa þau, þar eð skepnuágangur myndi verða mikill á komandi ári, og húsin ef til vill eyðileggjast af þeirra völdum, þar eð ekki eru líkindi til, að jörðin byggist næsta ár. Ráðið var, ef svo færi, að reyna að leigja túnið til slægna í sumar. Var Sigurjóni bónda á Lambanesreykjum falið, að reyna fyrir sín persvegna í Siglufirði. Þó má leigan ekki vera undir 50 – 60 kr.

4. Útsvör.

Hreppsnefndinni kom saman um: a) að þó gjört sé gangskör að innköllun útsvara útsvara, nú þegar þá myndi það varla verða til nokkurs.

b) að núverandi ástand, þar sem ekkert greiðist fyr en næsta sumar eftir álagningu, sé óviðunandi.

c) að þó sé ekki hægt, að svo vöxnu máli að jafna niður að vorinu.

d) að helst væri reynandi, að fá menn til að greiða ½ útsvaranna fyrir nýár ár hvert, enda sé jafnað niður fyrstu daga októbermán. ár hvert.

5. – Oddviti skýrði frá, að hann hefði lofað Birni Stefánssyni í Stórubrekku ábyrgð hreppsins fyrir sjúkrahúsvist Karólínu konu hans. Var það samþykt.

6. Talað var um skuldagreiðslur til Sameinuðu verzlananna. Var samþ. að reyna að komast fyrir í Reykjav. hve mikið menn skulduðu og hvernig samningum væri háttað.

7. Aukaniðurjöfnun.
Jafnað var niður á einn mann, Sigurstein kennara Magnússon, kr. 30,00.

Fleira gjörðist ekki; fundargerð upplesin og samþykt.

Einar B. Guðmundsson
Jónas Jónasson
Sigurjón Sigtryggsson
Hannes Hannesson.

Fimtud. þ. 21 júní 1923 hélt hreppsnefnd Holtshrepps fund með sér á Hraunum. Hafði þá sú breyting orðið á nefndinni síðan hún hélt fund síðast, að Sigurjón Sigtryggsson á Sambanesreyjum hafði gengið úr henni, þar eð hann flutti burt úr sveitinni, en Jón bóndi Jónsson í Tungu kosinn í hans stað. Voru allir í nefndinni mættir nema Guðm. Ólafsson í Stóraholti.

1. Vegamál.

a) Með þeim dagsverkum, sem ýmsir gjaldendur hreppsins skulduðu frá f. á. voru þau dagsverk, sem hreppsnefndin hafði ráð á til vegavinnu þetta

sinn 69 talsins. Þar af voru 6 dagsvek, sem voru skulduð af mönnum, sem fluttir eru úr hreppnum. Má búast við því, að þau verði ekki unnin heldur greidd í peningum. Eru þá eftir 63 dagsvek, sem nefndin jafnaði niður, sem hér segir.

| | |
|---|---|
| 1. Hraunabraut | 11 dv. |
| 2. Lambanesmýrar | 2 — |
| 3. Bjarnargilslækur | 4 — |
| 4. Neðan við Reykjarhól | 6 — |
| 5. Gilsvegur | 20 — |
| 6. Hrúnstaðabraut | 20 — |
| | 61 — |

1. Hraunabraut. Verkstjóri: Guðm. Dav. Dagsvek: Guðm. 1, Sigurjón 2, Jóhannes 2, Sigurður Jónsson 3, Páll Hlugast. 2, Þorbergur 1.

2. Lambanesmýri: Páll Hlugast. 1., Kristján Lambanesi 1.

3. Bjarnargilslækur og neðan við Reykjarhól. Verkstjóri: Sveinn Brúnastöðum.
Dagsvek: Sveinn 2, Þorbergur 2, Hallgrímur Brúnast. 2, Árni Minnholti 1, Guðbrandur 2, Sveinn Bjarnargili 1.

5. Gilsvegur. Jón í Tungu verkstj. Dagsvek: Jón 2, Hermann Jónsson 1, Kristinn Helgast. 2, Guðbj. Reykjarhóli 1, Jón Jóakimsson 1, Jón Arngrímsson 1, Páll Arngrímsstöðum 1, Einar Sléttu 1, Kristján Stóreiki 2, Björn Stef. 1, Bjarni Bragi 2, Pétur Jónasson 1, Guðm. Stef. 1, Guðm. Þ. 1, Pétur Jónsson 1,

6. Heimstaðabrauk. Ötæktjöri
Jóhann Þrasastöðum.
Í hana fara öll dagsverkin úr Stýflu og 2 frá Baga á Skeiði; í Skiftum fyrir 2 frá Jóni í Tungu.

2. húsnæði.
Tilboð kom frá Sveini Arngrímssyni bónda á Brúnastöðum um það, að lána hús til allra fundahalda í hreppsins þarfir, þar með árið ársfjórðungum fyrir kr. 50 — fimmtíu krónur.
Þótti öllum það mjög gleðilegt og aðgengilegt tilboð.

3. Ómagar.
Oddvita hafði borist bréf frá Kristjáni Bjarnasyni í Stórubrekku. Fór hann fram á það, að hreppurinn legði til eitthvað af fötum handa þurfalingnum Guðrúnu Sigurðard., sem verður hjá honum þetta ár.
Var Jónasi á Nefstöðum falið að grenslast eftir því, hvort það væri satt, að ~~...~~ Guðrún þessi hefði enga spjör fengið þar, sem hún var í fyrra. Væri svo, var ákveðið að láta fyrverandi húsbónda hennar "spjara" hana að einhverju leyti. Annars, ákvað hreppsnefndin, að skifta sér ekkert af kröfu Kristjáns.

4. ~~...~~ Jón í Tungu var í einu hljóði kosinn til þess, að taka alveg við störfum Sigurjóns sem varaoddviti og fátækrafulltrúi.

Fleira ekki rætt.
Fundargerð upplesin og samþykt.
Einar B. Guðmundsson. Jón G. Jónsson.
Hannes Hannesson Jónas Jónasson

Þriðjudaginn 28. ágúst 1923 hélt hreppsnefnd Holtshrepps fund með sér á Hraunum.

Allir nefndarmenn mættir að Guðm. í Stórholti undan skildum.

Þetta gerðist á fundinum.

1. Jafnað niður í fjárleitir að haustinu. Fyrst athugaði nefnd. hve marga menn þyrfti á hvern stað og varð sú niðurstaða, að:

| | | |
|---|---|---|
| í Flókadal þyrfti | | 6 |
| – | Svarfaðardal — | 3 |
| – | Siglufjörð — | 2 |
| – | Ólafsfjörð — | 21 |
| – | Móafellsdal — | 20 |
| – | Hvarfdal — | 20 |
| – | Klaufabrekknadal | 12 |
| – | Hamarskyrnu | 6 |
| – | ~~Almenninga~~ | |
| – | Hraunaland – | 2 |
| | Samtals | 92 |

Þvínæst var fjárfjöldi manna athugaður og varð útkoman sú, að 1 dagsverk þyrfti á hverjar 11 kind. Var ákveðið, að sá sem hefði 6 eða fleiri kindur af 11, skyldi gera fjallskil svo sem full kindatala væri.

Fer hér á eftir skrá yfir kindatölu og fjallskil hreppsbúa, sem á afrétt leggja:

| Nafn og Heimili | Fjár fjöldi | I göngu | II göngu | III göngu |
|---|---|---|---|---|
| 1. Jóhannes Friðb.: Reykjarh. | 42 | 2 | 2 | „ |
| 2. Sigurður Jónsson, s. st. | 35 | 2 | 1 | „ |
| 3. Kr. Jónsson, Lambanesi | 30 | 2 | 1 | „ |
| 4. Páll Jónsson, Illugast. | 30 | 2 | 1 | „ |
| 5. Sveinn Arngr. Brúnast. | 50 | 2 | 2 | „ |
| 6. Hallgr. Arngr. s. st. | 15 | 1 | 1 | „ |
| 7. Sigurð. Arngr. s. st. | 15 | 1 | „ | – |
| 8. Sveinn Jónsson, Bjarnarg. | 25 | 1 | 1 | „ |
| 9. Anton Gunnl.son Molast. | 8 | „ | 1 | „ |
| 10. Guðbjörn Jónsson, Reykjarh. | 25 | 1 | 1 | „ |
| Samt. | 275 | 14 | 11 | |

# Niðurj: fjallskila haustið 1923.

| Nafn og heimili | I göngur | II göngur | II göngur | III göngur |
|---|---|---|---|---|
| Flutt | 275 | 14 | 11 | " |
| 11. Joh. Benidiktsson, Hólakot | 6 | 1 | " | " |
| 12. Sigr. Hannesd. Hólum | 29 | 1 | 1 | " |
| 13. Jón Jóakimss. S. st. | 18 | 1 | 1 | " |
| 14. Jón Arngrímss. Gili | 23 | 1 | 1 | " |
| 15. Páll Arngr. Hvammi | 25 | 1 | 1 | " |
| 16. Guðm. Guðm. Heimst. | 17 | 1 | 1 | " |
| 17. Arnór Bjömss. Knappst. | 39 | 2 | 2 | " |
| 18. Hannes Hannesson Melbreið | 30 | 1 | 1 | 1 |
| 19. Jón Guðvarðas. S. st. | 26 | 1 | 1 | " |
| 20. Jónas Jónasson, Nefst. | 36 | 2 | 1 | " |
| 21. Guðm. Sigurðss. S. st. | 17 | 1 | 1 | " |
| 22. María Guðm. d. Lundi | 54 | 2 | 2 | 1 |
| 23. Jón Gunnl. son Deplum | 35 | 1 | 1 | 1 |
| 24. Guðm. Bergss. Þrasast. | 44 | 2 | 2 | 1 |
| 25. Jóhann Guðms. S. st. | 16 | 1 | 1 | " |
| 26. Jón Bergsson S. st. | 12 | 1 | " | " |
| 27. Jónas Jósafatss. Móafell | 24 | 2 | 2 | " |
| 28. Steinn Jónasson. S. St. | 11 | " | " | 1 |
| 29. Þorl. Stefánsson Gautast. | 35 | 1 | 1 | 1 |
| 30. Ól. Jónsson S. st. | 19 | 1 | " | " |
| 31. Finnb. Jónsson S. St. | 12 | 1 | " | " |
| | 803 | 39 | 31 | 6 |

# Niðurjöfnun fjallskila haustið 1923.

| Nafn og heimili | Fjár-fjöldi | I göngur | II göngur | III göngur |
|---|---|---|---|---|
| Flutt | 803 | 39 | 31 | 6 |
| 32. Bogi Jóhanness. Skeiði | 35 | 2 | 1 | " |
| 33. Hallgrímur Bogas. S. st. | 10 | 1 | " | " |
| 34. Einarsína Jónasd. M. Þverá | 9 | 1 | " | " |
| 35. Anna Jóhannesd., Berghyl | 10 | " | 1 | " |
| 36. Guðm. Stefánsson, Minnibr. | 8 | 1 | " | " |
| 37. Guðm. Ben. S. st. | 31 | 2 | 1 | " |
| 38. Pétur Jónasson S. st. | 13 | " | 1 | " |
| 39. Kr. Bjarnason, Stórubr. | 40 | 2 | 2 | " |
| 40. Bjarni Kristj.son S. st. | 23 | 1 | 1 | " |
| 41. Björn Stefánsson, S. st. | 9 | 1 | " | " |
| 42. Einar Eyjólfsson Sléttu | 46 | 2 | 1 | 1 |
| Alls | 1037 | 52 | 39 | 7 |

Í Siglufjarðarrétt fer Sigurður Jónsson, Reykjum og fer 2 fjallskil fyrir.
Í Flókadalsrétt fer Kristj. Bjarnason Stórubrekku og Guðm. Benidiktsson Minnibrekku og fá sín 3 fjallskilin hvor fyrir.

Í Svarfaðardal fer Arnór Björnsson, Krappstöðum, og fer 3 fjallskil fyrir.

Hannes Hannesson gengur í báðum göngum, partinum suman frá Nautadalsá og út á Ytri-Eggjabrekku. Skal allur sá partur genginn af Lambanes- og Reykjarmönnum í félagi, ásamt Hannesi, og alt safnið rekið til Hraunaréttar.

Embættismenn:

Fjallskilastjóri Jónas Jónasson fr. 2 fjall.
Réttarstjóri Skýfl.rétt, Jón í Tungu — 2 —
do. Hraunarétt: Guðm. Davíðsson
do. Holtsrétt: Guðm. Ólafsson
do. Kleyfrarétt: Bogi Jóhannesson
do. Tungurétt: Jón G. Jónsson.
Gangnastj. á Almenningum Einar Hraunum
~~do.~~ — „Fjallið" Hannes Hannesson
do. — Illugast. fjall Páll Illugast.
do. — Holtsdal Guðm. Holti.

2. Minst var á Holtsrétt. Kom nefndinni saman um, að vörla væri við réttina unandi, eins og hún er nú og ákvað að gera hana að umræðuefni á hreppaskilum í haust og skora þá á hlutaðeigendur að byggja hana upp.

3. Oddviti lagði fram bréf frá bæjar~~fógeta~~ skifra Akureyrar, þess efnis, að bærinn hefði ályngst kr. 304.70 fyrir Jakobínu Jakobsdóttur, á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Nefndin taldi sennilegt, að hreppurinn þyrfti að greiða þessa upphæð, en fól oddvita samt að grenslast eftir, hvort fyrverandi oddviti hefði ekki krafist nefndrar Jakobínu heim, ef hún þyrfti að byggja meira en þá var orðið. Loks ákvað nefndin, að krefjast

þess, að nefnd Jakobína verði flutt heim á sveit sína, það fyrsta. Sömuleiðis ~~at~~ fól nefndin oddvita, að gera Pálínu Guðmundsdóttur sömu skil, um leið og hægt væri að greiða það, sem hreppunum skuldar með henni.

4. Yfirsetukona.

Samþ. að ganga að framboði Arnbjargar Eiríksdóttur, en með því skilyrði að hún setji sem næst miðju beggja hreppanna.

Ath. Gleymdist að taka fram göngum viðvíkjandi; að Jóhannes á Reykjarhóli ~~tekur við~~ rekur safn úr Hraunarétt til aðalréttar, úr 1. g. og fær 1 dagsverk fyrir.

Fundargerð lesin og samþ.

Jón G. Jónsson. Einar B. Guðmundsson
Jónas Jónasson.
Hannes Hannesson

Mánudaginn þ. 19 nóv. 1923. átti hreppsnefnd Holtshrepps fund með sér á Hraunum til að jafna niður útsvörum fyrir árið 1923-'24. Stóð niðurjöfnunin í 2 daga.

Upphæðin, sem jafna þurfti niður, var í þetta sinn kr. 4000. Var það miklum mun minna en undanfarin 2 ár.

Fyrst reyndi hreppsn. aðferð þá, sem Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu samþykkti á síðasta aðalfundi sínum, hreppsnefndum til leiðbeiningar. Virtist nefndinni ~~koma~~ gjöldin koma of hart niður á fátækari mönnunum, með þeirri aðferð. Var þá hætt við það, en aðferð sú, sem notuð var í fyrra við niðurjöfnunina upp tekin, með örlitlum breytingum, og jafnað niður eftir henni. (Sjá það hér að fram

Var lagt 1% á hreina eign manna eftir skattskrá og 2% á tekjur manna, nema búlausa menn, á þá var lagt að mestu af handahófi; með hliðsjón af lækkun útsvaranna frá því 1922. Þegar þetta var búið, fékst nokkru hærri tala en kr. 4000. Voru þá útsvörin endurskoðuð og dregið úr þar, sem þurfa þótti og hækkað örlítið á stöku stað. Útkoma niðurjöfnunarinnar varð því sú, að 4175 kr. var jafnað niður alls.

2. Ellistyrktarsjóður.

Upphæð sú, sem kom til úthlutunar úr þeim sjóði á þessu ári var kr. 250.00.

Höfðu nefndinni borist 12 umsóknir. 2 þeirra áleit nefndin sig ekki geta sint, en 10 gamalmenni fengu styrk, sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Guðrún Jóhatansdóttir | kr. | 25,00 |
| 2. Kristín Þorkelsdóttir | — | 20.— |
| 3. Guðfinna Gunnlaugsd. | — | 20.— |
| 4. Jórunn Ingimundard. | — | 30.— |
| 5. Sigurjón Jónsson, Háakoti | — | 35.— |
| 6. Guðrún Jónsdóttir, Hólum | — | 20.— |
| 7. Sigríður Eiríksdóttir | — | 20.— |
| 8. Friðfinnur Þorkelsson | — | 20.— |
| 9. Ingibjörg Sveinsdóttir | — | 20.— |
| 10. Lilja Sveinsdóttir | — | 20.— |
| | Samt. | 250.— |

3. Fjallskil.

Ákveðið var, að borga 5 kr. fyrir lamb hvert, og 7 kr. fyrir hverja á, sem findist óheimt að haustinu í eftirleitum

4. Hreppsn. kom saman um, að bera það upp á ~~[illegible]~~ almennum hreppsfundi og beita sér fyrir því, að ~~or~~ þurfamönnum þeim, sem sameiginlegir eru fyrir ~~báða~~ Holts- og Haganeshrepp, verði skift á milli hreppanna eftir sanngjörnu mati; þar eð núverandi millireikningar hreppanna eru í mörgu óþægilegir.

5. Rætt var um, að nauðsyn krefði þess, að Einar Jónsson væri tekinn heim af Kleppi, ef nokkur tök væru á, þar eð ~~xx~~ hreppurinn hefir vart efni á að greiða 780 kr. með honum á ári hverju.

Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundargerð lesin og samþykt.

Einar B. Guðmundsson. Þórður Jónsson
Jónas Jónasson
Guðm. Sigurðsson Hannes Hannesson

Laugardaginn þ. 29. des. 1923 var fundur settur á Brúnastöðum í tilefni af 3 útsvarskærum, sem hreppsnefndinni höfðu borist, frá þeim Þorláki Stefánssyni, Gautastöðum, Kristjáni Bjarnasyni, Stórubrekku og Hartmanni Pálssyni, Illugastöðum.

Mættir voru þeir Þorlákur og Kristján og Páll Jónsson, Illugastöðum fyrir hönd Hartmanns.
Af hreppsnefndarmönnum vantaði:
1, Guðmund Sigurðsson, Nefstöðum.

1. Fyrst var tekin fyrir kæra Þorláks Stefánssonar, Gautastöðum.
Kom fram uppástunga frá meirihluta hreppsnefndar um það, að lækka útsvarið um kr. 14.00 – kærandi hafði farið fram á 34. kr. lækkun – og gekk kærandi að því. Er þeirri kæru þar með lokið.

2. Kæra Kristjáns Bjarnasonar Stórubrekku. Kærandi fer fram á 10-15 kr. lækkun vegna veikinda dóttur sinnar. Samþykkt var að bjóða kæranda 8 kr. lækkun. Vildi kærandi ganga að því. Sú kæra þar með búin.

3. Kæra Hartmanns Pálssonar. Var kæran byggð á því, að nefndur piltur væri ekki fullra 16 ára. Við innrætin kom það í ljós að lagt hafði verið á 4 fimmtán ára unglinga að minsta kosti. Fanst því hreppsnefndinni, að hún ekki geta fellt niður útsvarið. En þar eð Guðfinna Pálsdóttir, systir nefnds Hartmanns, hefir verið við nám í vetur, og útsvar hennar nam 4 kr. þá var það felt niður, ~~sökum þess, að~~ því hreppsn. hefir fylgt þeirri reglu

að hlífa þeim unglingum við sveitargjöldum, sem við nám hafa verið, sem nokkru hafi numið.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundargerð lesin upp og samþ.

Einar B. Guðmundsson Jón G. Jónsson
Jónas Jónasson Hannes Hannesson

Laugardaginn, 2. Febrúar 1924

var almennur fundur haldinn á Brúna=
stöðum, að viðstöddum fjölda bænda.
Þetta gjörðist:

1. Lesin upp ellistyrktarsjóðsskrá fyrir
hreppinn (1924) og tekið á móti athuga=
semdum við hana.

2. Kosin þriggja manna nefnd til að
semja við jafnmannmarga nefnd úr
Haganeshreppi um skiftingu ómaga
hreppanna. Nefndir þessar kjósa sér odda=
mann. Eftir nokkurar umræður voru
þessir kosnir:
1. J. S. Jónsson á Tungu með 22 atkvæðum
2. G. B. Guðm. á Hraunum með 14 —
3. Jónas Jónasson á Nefst. — 11 —.

3. Brúarmál. Samþykt samskonar tillaga
og samþykt var á miðsvetrarfundi s.l.
ár.

4. Vegamál. Eftir langar umræður
var samþykt að sækja um 500-600
krónur úr sýslusjóði til sýslu=
vega hér í hreppi. Fáist fé þetta
þá skal því varið á hinn fyrirhugaða
vegarstæði frá Stíflufhólum út eftir.

5. Fjárrekstrar. Kom fram fyrirspurn
um hvernig reynst hefði fyrirkomu=
lag það, sem notað var með fjár=
rekstra til Siglufjarðar s.l. haust.
Misjafnt var af skoðunarmanninum
í Siglufirði látið, sérstaklega þessvegna að
hann hefði ekki ætíð verið til staðar
til að skoða mörk á rekstrarfé og þarf
að skora á bæjarstjórnina í Siglufirði
að sjá um að skoðunarmaður sé ætíð
til staðar, svo rekstrarmenn þurfi ekki
að bíða —

6. Vegavinnudagurinn. Kom fram uppá=
stunga frá Jónasi Jónassyni á Nefstöðum
um það, að allir, sem verkfæri valda
helguðu hreppnum einn dag á vori til
að gjöra við ~~[illegible]~~ vegina í hreppnum.
Hafði mál þetta komið til umtals fyrir
hreppsnefndinni á fundi hennar í júní s.l.
sumar, þótt ekki komi það opinberlega
fram fyr en nú. — Mikið var mál þetta
rætt. Loks var þessi tillaga borin upp:
~~at~~ „Fundurinn samþykkir, að allir
hér í hreppi, sem náð hafa fermingar=
aldri (að undanskyldum konum, sem hafa
~~fa~~ um bú og börn að sjá) gefi eins dags
vinnu til vegagerðar á komandi vori."
Tillagan var borin upp og feld.

þá var þessi tillaga borin upp:
„Fundurinn samþykkir að skjal sé látið ganga um hreppinn, þar sem allir þeir, sem gefa ætla dagsverk tilvegagerðar á komanda vori, skrifi nöfn sín á."
Þessi tillaga var borin undir atkvæði og samþykt.
Oddvita sé falið að semja skjal þetta og senda það af stað. Sé þetta gjört svo snemma að hringferð þess sé lokið fyrir sýslufund, ef hægt verður.

7. Lestrarfélag. ~~Samþykt var að hreppurinn~~
Borin var upp þessi tillaga: „Fundurinn samþykkir að hreppurinn taki við lestrarfélaginu og haldi því áfram".
Tillagan var samþykt.

8. Jónas Jónasson kom með fyrirspurn um það hvort mönnum fyndist ástæða ~~vera~~ til þess, að banna mönnum að selja hey út úr hreppnum úr þessu á þessum vetri. Út af fyrirspurn þessari spunnust umræður miklar og að þeim loknum var samþykt, að miðs vetrar skoðun færi fram strax úr næstu helgi og gjörði ~~þeir~~ skoðunarmenn hreppsnefnd grein fyrir skoðuninni strax að henni lokinni.

Fleira kom eigi til bókunar.
Fundargjörð upp lesin og samþykt.

Jón h. Jónsson

Fimtudaginn 14/2. 1924 ~~hélt~~ hreppsnefnd Hollshrepps fund með sér, að Brúnastöðum.

Þetta gerðist á fundinum.

1\. a. Oddviti las upp skýrslu ~~skoð~~ um fóðurbyrgðir hreppsins að undan genginni skoðun. Voru heybirgðir hreppsins heldur í kortara lagi ef hart verður,

b. Oddviti lýsti yfir því að hann hefði spurt Sýslumann að hvort ekki mætti banna heysölu út úr hreppnum, en sýslumaður kvað ekki hægt að banna það.

c. Þar sem hreppsnefndin sá sér ekki fært að banna heysölu með sínum eindæmi, sökum þess að hún hefði ekkert vald til þess, en aftur á móti mjög sárfáir sem væru alveg á heljarþröminni í öllu skaplegu — þá vill hún ekki banna heysölu út úr sveitinni. en brýna skyldi hún fyrir mönnum að selja ekki um of, sér staklega þeim sem tæpir eru

2\. Oddvita hafði borist 3 öfiferilsskýrslur

1\. Guðmundar Haflidasonar Akureyri

2\. Þorkell ~~Frið~~riksson Siglufirði

3\. Kristinar Jónsdóttur ~~Siglufj~~ ekkju Stefáns ~~sál~~ Ásgrímssonar Hálakoti. (frá Akureyri

Við öfiferilsskýrslu Kristinar Jónsdóttur hafði hreppsnefnin það ~~við~~ að athuga, að þar sem ekkjan hafði setið í óskiftu búi þá sé líklegt að hún sé ekki Hollshrepps handbendi; Fól hún Oddvita að gera frekari eftirgrenslanir í þá átt áður en hún yrði viður kend.

Með Guðm. Haflidason er ekkert undanfæri verður sjálfsagt að viðurkenna hann, og kom hreppsnefnin sér saman um að kalla hann heim það fyrsta.

Um Þorkel er það að segja, að nefnimi fanst skýrsla hans ~~víðtis~~ svo illa úr garði gerð að ekki væri hægt að ansa henni, að svo komnu, enda helst af henni að sjá, að nefndur Þorkell sé Siglufjarðarhrepps (eða bæjar).

3\. mál. Oddviti las upp athuga semdir yfirendur skoðanda hreppsreikninga. og svör sín við þeim.

4\. Oddviti skýrði nefnimi frá því að 2. menn hefðu komið til sín og borið sig hörmuglega

útaf eldiviðarleysi og höfðu þeir farið þess á leit við hann að reyna að útvega kol til eldsneytis; Kom nefndin sér saman um að skirrast við það í lengstu lög að láta hreppinn blanda sér inn í það mál—

5° Á fundi sem haldinn var að Brúnastöðum 2 febrúar hafði hreppurinn tekið að sér, að annast og starfrækja lestrarfélag það, sem ~~stofnað~~ hafði og starfað áður í hreppnum, sem eign einstaka privat manna. Kom nefndin sér saman um að semja þyrfti skrá yfir bækurnar áður hægt yrði að ákveða hvernig fyrirkomulag yrði haft. Nefndin ákvað að bókavörður skyldi verða beðinn að inn heimta allar bækur, sem í útláni voru fyrir 10/3. 1924. og mætti ekki lána út fyr en hreppsnefndin gerði frekari ráðstafanir. Ráðgert var að ~~hafa~~ félagið starfaði þannig að það yrði haft á tveimstöðum. var ákveðið að aðalstaðurinn yrði á Brúnastöðum en útibú að Melbreið fyrst um sinn. Kosnir voru til þess að taka á móti bókunum frá bókaverði þessir Jónas Jónasson. og Hannes Hannesson Fleira kom ekki til bókunar og Fundi slitið

Einar B. Guðmundsson   Hannes Hannesson
Jónas Jónasson   Guðm. Sigurðsson   Jón G. Jónsson

Þriðjud. þ. 29. apríl 1924 áttu hreppsnefndir Holts- og Haganeshreppa fund með sér í Haganesvík. Verkefni fundarins var það að skifta sameiginlegum þurfamönnum hreppanna og koma sér saman um fleira þar að lútandi (sjá fundarg. 2/2 bl. að framan).

1. Ákveðið var, að skifta sumum þurfamönnum til 5 ára en sumum um aldur og æfi. Skyldi þeim þurfam. sem við bættust á næstu 5 árum frá fardögum n.k. að telja, sömuleiðis skift að þeim tíma liðnum, en þangað til skyldu þeir falla þeim hreppi, sem þeir ~~voru síðast sveit~~ áttu síðast, hvort sem fæðing eða dvöl réði þar sveitfestinni:
2. Var þá horfið að skiftingunni og urðu hreppsnefndirnar ásáttar um eftirfarandi skifti:

Um aldur og æfi var þessum
þurfamönnum skift og hlaut Holtshreppur:
1. Guðrúnu Sigurðardóttur
2. Soffíu Jónsdóttur
3. Aldísi Pétursdóttur
4. Friðrik Baldvinsson, Keldnakoti
5. Jakobínu Jakobsdóttur
Haganeshreppur hlaut
1. Kristjönu Jónsdóttur
2. Jóhönnu Pétursdóttur
3. Jóhann Friðriksson, Hálsi
4. 2 börn Hallgríms Jónssonar frá Stóragrindli og Helgu Jónsdóttur á Sauðárkróki.
Til 5 ára var þessum skift;
Holtshreppur hlaut:
1. Kristínu Jónsdóttur, Akureyri, ekkju Stefáns Ásgrímssonar frá Hólakoti.
2. Pálínu ~~Guðmundsdóttur~~ Sigurðardóttur, Akureyri
3. Guðm. Hafliðason, Akureyri
4. Sigurjón Kristjánsson, Reykjavík.

Haganeshreppur hlaut:
1. Sigurð Ásgrímsson, Dæli, og fjölskyldu hans.
2. Guðmund Jónsson frá Fellsgarðsöðum ásamt Sallbjörgu konu hans
3. Þorkel Friðriksson, Siglufirði.
4. Guðjón Jóhannsson, Garðshorni.
Skyldi þessum sveitarómögum (5 ára mönnum) skift aftur eftir 5 ár ásamt þeim, sem við kynnu að bætast þurfamannalista kann, sem nú er ~~hreppanna~~ hvort sem þeir hafa þegið áður eða ekki.
3. Meðlag með Einari Jónssyni, Kleppi skal greitt af báðum hreppunum eftir sömu ~~ástæðum~~ hundföllum og hingað til. Er honum því alls ekki skift.
Voru skrifaðar 2 fundargerðir í hvorja hreppsbók, lesnar upp og samþ.

Einar B. Guðmundsson   Hermann Jónsson
Árnas Jónasson   Sumar Stefánsson
Eiríkur Ásmundsson   Jóð. Jónsson

Sunnudaginn þ. 22. júní
1924 átti hreppsnefndin í Holtshrepp
fund með sér á Brúnastöðum.
Tvo nefndarmennina vantaði á fund-
inn, þá Jónas á Nefstöðum og Guð-
mund s. st. Flytja þeir báðir úr
sveitinni á þessu vori og ~~eru~~ ganga
því úr nefndinni. Þetta gerðist.

1. Vegamál.

Skyldudagsverk þau, til hreppavega
sem tilfalla á þessu ári eru 57.
Af þeim má gera ráð fyrir að 7 vinnist
ekki. Eftir eru 50 dv. sem jafnast
svo niður:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Hraunabraut (malburður) | | 15 dv. |
| 2. Fyrir ofan Illugast. | — | 10 — |
| 3. Hrúnstaðabraut | — | 16 — |
| 4. Hjá Stórubrekku | — | 9 |
| | Samt. | 50 — |

Öll dagsverkin úr Stíflu skulu
ganga til Hrúnstaðabrautar. Verkstj:
Jóhann Guðmundsson á Þrasastöðum

Öll dagsverkin af verslunarlóðinni
skulu ganga til aðgerðarinnar
hjá Stórubrekku. Verkstj: Kristján
Stórubrekku

Illugastaðaaðgerð. Páll Ill. 1,
Páll Hvammi 2, Jón á Gili 1, Þorbergur 1,
Jóhann Hólakoti 1, Guðbj. Reykjarh. 1,
Sveinn Bjarnargili 1, Brandur á
Saurbæ 2 = 10. Verkstj: Páll Illugast.

Öll ~~af~~ dagsverkin, sem afgangs
eru skulu unnin í Hraunabraut
Verkstj. Guðm. Davíðsson.

Keypt ~~ar~~ skal malhögg í Haganes-
vík ~~og~~ fyrir eitthvað af dagsverk-
um þeim, sem búist er við að greið-
ist í peningum

2. Árni Magnússon, Hjalteyri:

Oddvita hafði borist tilkynning um það, að búið væri að auglýsa nauðungaruppboð á kofa þeim, sem nefndur Árni lét byggja á þessu vori. Átti uppboðið að fara fram þ. 12. n.m. og ~~...~~ hafði verið skorað á ~~...~~ hreppinn að greiða kr. 500,00 fyrir þann tíma, með því, að þá væri von ~~...~~ um, að lánardrottnar létu ekki uppboðið fara fram. En sökum þess, að þetta mál var alt orðið svo flókið og óákveðið, ákvað hreppsn. að breyta í engu frá upprunalegum skilyrðum ~~sem ..~~ fyrir ábyrgð hreppsins fyrir byggingu þessari, og láta því reka á reiðanum með sölu á kofanum.

Sunnud. 24. ágúst 1924, hélt hreppsnefndin fund með sér ~~að~~ á Melbreið. Var þá tekið fyrir:

1. Niðurjöfnun fjallskila.

Af því, að engin hreppaskil höfðu verið haldin s.l. vor hafði hreppsnefndin ekki ~~...~~ framtal manna í fardögum við að styðjast. Byggði hún því niðurjöfnunina á kindatölu ~~þá, sem~~ þeirri, sem á skoðunarskýrslum stóð í sambandi við kindatölu og fjallskil manna á síðasta haust:

Var athugað, hve marga menn þyrfti á hvern stað og varð niðurstaðan þessi:

| | | |
|---|---|---|
| Í Flókadal | þyrfti | 3 (í fyrri göngu) |
| — Svarfaðardal | — | 3 |
| — Siglufjörð | — | 2 |
| — Ólafsfjörð | — | 18 |
| | Flyt — | 26 |

| | Flutt | 26. |
|---|---|---|
| Á | Móafellsdal — | 20. |
| — | Klaufabrekknadal | 10 |
| — | Hvarfdal — | 20 |
| — | Hamarskyrnu — | 6 |
| — | Hraunarétt — | 1 |
| | | 83 |

Hér fer á eftir skrá yfir ~~þá, sem~~ fjallskil þeirra, sem á afrétt leggja:

| Nafn og heimili | I göng | II göngu | III |
|---|---|---|---|
| 1. Jóhannes Friðbjörnsson | 2 | 1 | |
| 2. Sigurður Jónsson, Reykjum | 2 | 1 | |
| 3. Kristján Jónsson Lambanesi | 2 | 1 | |
| 4. Páll Illugastöðum | 2 | 1 | |
| 5. Sveinn Brúnastöðum | 2 | 2 | 1 |
| 6. Sveinn Jónsson Bjarnargili | 1 | 2 | 1 |
| 7. Jón Sigmundsson, Mólast. | 1 | 1 | |
| 8. Guðbjörn Reykjarhóli | 2 | 1 | 1 |
| 9. Jóhann Benidiktsson Háakoti | 1 | „ | |
| 10. Sigríður Hannesd. Hólum | „ | 1 | |
| 11. Jón Joakimsson — | „ | 1 | |
| 12. Jón Arngrímsson — | 1 | 1 | |
| 13. Páll Hvammi — | 2 | 2 | 1 |
| 14. Guðm. Hámundarstöðum — | 1 | 1 | |
| 15. Hannes Melbreið — | 2 | 1 | |
| 16. Jón Guðv.son s. st. — | 1 | 1 | |
| 17. Jónas Knappst. — | 2 | 1 | |
| 18. Steinn Jónasson, s. st. | „ | 1 | |
| 19. Jónas frá Nefstöðum — | 2 | 1 | |
| 20. Guðm. Sigurðsson, s. st. — | 1 | 1 | |
| 21. Anton Jónsson, s. st. — | 1 | 2 | |
| 22. Maja Guðmundsd. Hundi | 3 | 2 | 1 |
| 23. Þorvaldur Guðm.son, Deplum | 3 | „ | |
| 24. Guðm. Bergsson, Þrasast. | 3 | 2 | |
| 25. Jóhann Guðmundsson s. st. | 2 | 1 | |
| 26. Jón Gunnlaugsson, Móafelli | 3 | 2 | |
| 27. Jón Bergsson, Þrasast. | „ | 1 | |
| 28. Þorlákur Stefánsson Gautast. | 2 | 1 | |
| 29. Jóhannes Bogason, Gautast. | 1 | 1 | |

| | | I | II | III |
|---|---|---|---|---|
| 30. | Sigurjón Jónsson Stórufreyjá | 1 | | |
| 31. | Guðmundur Benediktsson Minnib | 2 | 1 | |
| 32. | Guðm. Stefánsson Minnibrekku | 1 | | |
| 33. | Pétur Jónasson s.s. | | 1 | |
| 34. | Kristján Bjarnason Stórubrekku | 2 | 1 | |
| 35. | Bjarni Stefánsson s. st. | | 1 | |
| 36. | Bogi Jóhannesson Hittu | 2 | 1 | |
| 37. | Hallgrímur Bogason s. st. | 7 | 1 | |
| | alls | 51 | 38 | 5 |

Í Siglufjarðarrjett fer Sigurður á Reykjum og hefur 3 fjallskil fyrir —
Í Flókadal fer Guðm Benediktsson og hefur 3 fjallskil fyrir
Í Svarfaðardal fer Þorvaldur Guðmundsson og hefur 3 fjallskil fyrir
Jóhannes Friðbjarnarson tekur safnið úr Hraunarjett og fær 1 fjallskil fyrir

Embættismenn
Fjallskila stjóri á Stífluafrjett Hannes Hannesson og hefur 2 fjallskil fyrir
Rjettarstjóri
Jón G. Jónsson og hefur 2 fjallskil fyrir
Do. Hraunarjett Guðm Davíðsson
Do Kleyfnarjett Kristján Bjarnason
Gangna stjórar á Almenningum E.B. Guðmundsson
Í Fjöllinu frá Lambanesi að Hraunum Valgarður Kristjánsson
Í Fjöllinu fyrir ofan Illugastaðir og Brúnastaði Sveinn á Brúnastöðum

2. Oddviti skýrði nefndinni frá því, að sér hefði borist skeyti frá Árna Magnússyni á Hallegri[?] þess efnis að hann beiddi hreppinn að borga fyrir sig 200,00 tvöhundrað krónur í húsi því, er hann hefði látið byggja; og ennfremur gat hann þess að ábyrgðarmenn sínir (eða hjálparmenn) ætlaðu að fá lánaðar þær 500,00 fimmhundruð krónur, sem eftir stæðu í sparisjóð Holtshrepps, og beiddi hann hreppinn að ganga í ábyrgð fyrir þeim

Nefndin ákvað að borga þessar fyrnefn. 200,00 Tvöhundruð krónur. og skipta sér svo ekkert meira af því á eftir.

Hreppsnefndin

Laugardaginn 8. nóv var almennur hreppsfundur haldinn á Brúnastöðum. Tilefni fundarins voru fræðslumál. ~~Hafði fræðslunefnd~~ Vildi fræðslunefnd heyra álit hreppsbúa um það.

Eftir nokkrar umræður komfram svohljóðandi tillaga:

Fundurinn lætur þá ósk í ljósi, að úr því, sem komið er, þá verði engin opinber ~~fræðsla~~ barnafræðsla í hreppnum í vetur, önnur en sú, sem sóknarpresti ber að annast um, samkv. lögum frá 19 júní 1922.

Tillaga þessi var samþ. með öllum greiddum atkvæðum. Enginn á móti. Fleira var ekki tekið fyrir.

Einar B. Guðmundsson. Jóh. Guðmundsson.

Laugardaginn 8. nóv. hélt hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér á Brúnastöðum.

Þetta gerðist.

1. Kosinn 1 maður í fræðslunefnd í stað Árna Kristjánssonar sem flutti úr hreppnum á síðasta vori. Kosningu hlaut Jóhann Guðmundsson á Þrasastöðum. Var hann kosinn til 3. ára næstu.

2. Minst var á lestrafélagsbækur. Á fundi 14 febr. s. l. ~~voru aðeins~~ tóku þeir að sér Hannes á Melbreið og Jónas á Nefstöðum að ~~fly~~ taka á móti bókunum úr höndum ~~núver~~ þáverandi bókavarðar, Björns Kristjánssonar, Stóru-brekku og flytja ~~það~~ þær yfir að Brúna-stöðum. En sökum ótíðar s. l. vor fórst þetta fyrir. Var þá ákveðið að fá Svein á Brúnastöðum til að flytja safnið, sem nú á Brúnastöðum á að fara þangað. Skyldi hann taka á móti bókunum með Hannesi fyrir hreppsins hönd. ~~Á~~ Svo að fá þann hluta sem í Stífluna á að fara, geymdan í Brekku, þangað til Jón í Tungu tekur hann og flytur fram í Stíflu.

Fleira kom ekki til umræðu.

Einar B. Guðmundsson. Jón G. Jónsson
Sveinn Jónsson Hannes Hannesson
Jóh. Guðmundsson.

Föstudaginn 14. nóv. 1924 kom
hreppsnefndin í Holtshreppi
saman á Þrasastöðum til
að jafna niður útsvörum 1924
o.fl. Sat hún við í 2 daga, þangað
til á laugardagskvöld.

Þetta gerðist:

1. Oddviti lagði fram áætlun
fyrir yfirstandandi fardagaár.
Var hún ýmsra orsaka vegna
ekki fullgerð. Var ætlast til í
henni, að jafnað væri niður
ca. 7000 kr. En við nánari athug-
un var það talið ókleyft, að
jafna svo mikilli upphæð niður
að þessu sinni, ~~og~~ enda að lík-
indum varla þörf á því. Varð
það því úr, að útsvörin, sem
jafnað var niður, urðu rúm
6000 kr.

Fylgdi hreppsnefndin reglum
þeim, er sýslunefnd Skagafjarðar-
sýslu samdi á næstsíðasta
aðalfundi sínum. Var þó
upphæð sú, sem jafnað var niður
á eignir nokkru hærri en sú,
sem jafnað var niður á tekjur,
og ~~en~~ hærri en 1/3 af öllum út-
svörunum, þar eð hreppsnefndin
fannst, að með því, að fylgja ná-
kvæmlega fyrirmælum sýslu-
fundargerðarinnar, hefði jafn-
ast of mikið niður á ~~vor~~ fátæk-
ari menn. Nefgjald var 10 kr. á
karlmann og 5 kr. á kvenmanninn,
ofan 18 ára, og helmingi minna á
fólk 16–18 ára.

## 2. Lestrarfélag.

Eins og getið var í fundargerð frá 8. nóv. s.l. Tóku þeir Hannes á Melbreið og Sveinn á Brúnastöðum að sér, að taka á móti bókunum fyrir hreppsins hönd. Höfðu þeir gert þetta og var helmingur bókanna kominn í Brúnastaði en hinn helmingurinn genginn fram í Stýflu. Kom hreppsnefndin sér saman um eftirfarandi bráðabyrgða ráðstöfun.

1. Safnið sé í tveim deildum í Stýflu og ~~á Brúnastöð~~ Miðfljóti.
2. ~~Ekt~~ Allir hreppsbúar, eldri en 16 ára eiga rétt á að fá lánaðar bækur félagsins.
3. Enginn má hafa sömu bókina lengur en 1/2 mánuð.
4. Enginn má ~~f~~ hafa fleiri bækur í senn en 5, nema sérstakar knýjandi ástæður séu.
5. Enginn má lána öðrum neina bók félagsins sem hann hefir að láni.
6. Öllum skal skylt að fara vel með bækur félagsins, og skila þeim til bókavarðar á tilsettum tíma.
7. Nýjar bækur, sem keyptar kunna að verða, skulu vera 3 mánuði í senn í hverri deild, og þá skift. Skal þó aðalsafnið vera í Miðufljótum og þangað eiga þær bækurnar að safnast ~~ef~~ með tímanum, er búið er að skifta þeim eins oft og þörf þykir milli deilda

8. Lagt skal kr. 0.50 nefgjald á alla þá, sem til hreppsins greiða. Skal innheimta gjald þetta með útsvörum, en þó aðskilið frá þeim. Skal fé því, sem fæst á þenna hátt varið eingöngu í þarfir bókasafnsins, fyrst og fremst til að standast nauðsynlegan kostnað við safnið og því næst til bókakaupa, eftir því sem geta leyfir.

3. Jafnað niður ellistyrk.

Ellistyrknum sá, sem til úthlutunar kom að þessu sinni var kr. 245.00. Hafði hreppsnefndinni borist 12 umsóknir um styrkinn, og fengu allir umsækjendur styrk, 20 kr. hver nema 1, 25 kr.

Þessir sóttu og fengu styrk.

| | | |
|---|---|---|
| 1. Jórunn Ingimundard. | kr. | 25.00 |
| 2. Ingibjörg Sveinsdóttir | – | 20. – |
| 3. Guðfinna Gunnlaugsd. | .. | 20. – |
| 4. Guðrún Jónsdóttir | – | 20. – |
| 5. Guðrún Jónatansdóttir | | 20. – |
| 6. Jón Gunnlaugsson | – | 20. – |
| 7. Páll Guðvarðarson | – | 20. – |
| 8. Lilja Sveinsdóttir | – | 20. – |
| 9. Arngrímur Sveinsson | – | 20. – |
| 10. Sigurjón Jónsson | – | 20. – |
| 11. Kristín Þorkelsdóttir | – | 20. – |
| 12. Guðrún Jóhannsdóttir | | 20. – |
| Samtals | | 245. – |

4. Vegna þess, að nokkrir menn höfðu ekki int af hendi alla fjallskilaskyldu sína s.l. haust ákvað nefndin, að þessir menn skyldu greiða 5 kr. fyrir hver fjallskil, sem þeir hefðu ekki int af hendi s.l. haust.

5. Vegamál.

Samþykkt var, að fela Jóni í Tungu að leita hófanna hjá þeim Þorbergi á Gili og Jóhanni í Hólakoti um það, hvort þeir ekki vildu taka það að sér í vetur, að koma möl á veginn, sem lagt var til að ýta frá Styfluhólum s.l. vor. Eru þessir menn báðir skuldugir hreppnum.

6. Jóhann í Hólakoti.

Jón í Tungu gat þess, að hann væri hræddur um, að bjargarlítið myndi vera hjá honum nú um þessar mundir, og kvað ekki mundi vanþörf á, að líta eftir því heimili eitthvað. Gerði það að tillögu sinni, að reynt væri með hægð og lagni að koma einhverju af börnunum niður, að minsta kosti einhvern tíma. Fanst nefndinni þetta æskilegt og fól þeim Jóni í Tungu og Hannesi einhverja frekari aðgerðir í máli þessu. Þess skal getið að Sveinn á Bjarnargili bauð til að taka dreng, sem er á Þórinum einhvern tíma í vetur. Sömuleiðis buðust þeir Jón í Tungu og Hannes til, að taka eitthvað af börnunum

einhvern tíma.

Þegar hér var komið var klukkan orðin tólf og höfðu menn þá ekki meira á hjarta að þessu sinni.

Var þá fundargjörðin lesin upp og samþykkt.

Einar B. Guðmundsson.
Jón G. Jónsson
Hannes Hannesson
Sveinn Jónsson Jóh. Guðm.son.

Laugardaginn þ. 10. ~~de~~ januar 1925 var fundur settur á Brúnastöðum vegna 2. útsvarskæra, sem hreppsnefndinni höfðu borist. Voru kærurnar frá þeim Kristjáni Bjarnasyni í Stóru-brekku og Guðmundi Stefánssyni í Minnibrekku.

1. Var þá tekin fyrir kæra Guðm. Stefánssonar. Hafði verið jafnað niður á hann kr. 50 ~~[illegible]~~ og fer kæran fram á 16–20 kr. lækkun. Upplýstist það þá fyrst, að útsvarið hafði lagt sig á kr. 77.00, en nefndin lækkað það ofan í kr. 50.00.

Málsvari var fyrir Guðmund Stefánsson Guðm. Benidiktsson, Minnibrekku. Hélt hann fast við ~~á lækkun~~ kröfu skjólstæðings sins.

Umræður urðu allmiklar. Voru nefndar-

menn sammála um það, að á-
stæður kæranda væru slæmar, en
þó ekki veruleg ástæða til að
lækka ~~það~~ útsvarið úr því, sem
komið er. Var því ~~útsvarið~~ sam-
þykt, að útsv. skyldi óbreitt standa,
en þó tóku þeir það fram, Jón í
Tungu og Sveinn á Bjarnargili, að
þeir skyldu bæta Guðmundi hér-
umbil ~~annað~~ öðru eins og hann fór fram
á að útsvarið lækkað.

2. Næst var tekið fyrir útsvar
Kristjáns Bjarnasonar. Var hann
sjálfur mættur. Eftir nokkrar um-
ræður samþ. hreppsnefndin að út-
svarið skyldi standa óbreitt, þar
eð henni gat ekki fundist, að
hún hefði gert Kristjáni neitt órétt,
í fyrstu, og engar nýjar ástæður,
fyrir lækkun, færðar fram, að hennar
dómi. Vildi Kristján ekki sættast á það.

3. ~~Næst~~ skýrði oddviti frá því,
að auk þessara 2 kæra hefði sér
borist 4 aðrar þess vegna, að viðkom-
andi fólk ætti hér ekki lengur heima.
Voru það:

Baldvin Kristinsson
Jón Jóakimsson
Ingimar G. Ólafsson
Ása Guðmundsdóttir.

4. Guðný Benediktsdóttir, sem
varð veik á síðastl. vetri átti að
vera þetta yfirstandandi ár, ~~[illegible]~~ á Gili
hjá Jóni Arngrímssyni, með kr. 400.00 meðlagi. En í sumar
batnaði henni og um veturnætur í
haust fór hún alfarin burtu frá
Gili. Yfir þennan tíma, frá fardög-
um s.l. til veturnátta setur Jón upp
kr. 300.00 með henni. Þetta þótti
hreppsn. alt of hátt, sérstaklega

þegar það kom fram, að ~~[illegible]~~ Guðný
hefði verið svo frísk seinni ~~[illegible]~~
hluta sumarsins, að hún hefði jafn-
vel gengið að heyskap í þurkum.
Bauð hreppsn. því Jóni tiltölu-
legt meðlag með henni yfir þenna
tíma, miðað við allt árið og kr.
400.00; og að auki 20% uppbót
á því tiltölulega meðlagi: Urðu
það þá sem mest 180 kr. sem
nefndin býður Jóni. En að þessu
vildi hann ekki ganga og ~~[illegible]~~
er því það mál óútkljáð enn —
5. Guðný Benediktsdóttir var vist-
ráðin hjá Jóni Jóakimssyni, þá er
hún varð veik. Býðst hann til að
greiða 2/3 af öllum sjúkrakostn-
aði henni viðvíkjandi; þangað til
hún kom heim í sveitina aftur, ofan
af Sauðárkróki; á s.l. vori. Gengur
hreppsnefndin að því fyrir hreppsins

hönd. En í bráðina hefir hreppurinn
lagt út meiri hluta kostnaðarins.
Í Jóns hlut kemur þá að greiða
ca. 249.00 — tvöhundruðfjörutíu
níu krónur. Af því hefir hann þegar
greitt kr. 70.00. Eftir eru þá 179 kr.
Gerir Jón ráð fyrir, að geta greitt
kr. 100.00 á næsta ~~ári~~ sumri og
kr. 79.00 hitt árið — 1926.
6. Jón Sigmundsson hefir haft
kirkjugildið ~~[illegible]~~ af Bakka þetta ár á
leigu fyrir 5 kr. ána. Fer hann
fram á, að fá þær á leigu næsta
ár. Var það samþ. af meiri hluta
nefndarinnar, fyrir 5 kr. hverja.

Fleira kom ekki til umræðu.
Fundargerð lesin og samþykkt.

Einar B. Guðmundsson  Jóh. Gutinson
Jón Jó. Jónsson  Hannes Hannesson
Sveinn Jónsson

Laugardaginn, þann 31. Janúar 1925, var almennur hreppsfundur haldinn á Brúnastöðum, að viðstöddum nokkrum bændum. Þetta gjörðist:

1. Oddviti gat þess, að hann hefði gleymt heima skyrktarsjóðsgjaldendaskrá, og myndi hann því næstu daga leggja hana hér fram, ásamt kjörskrá til alþingiskosninga.

2. <u>Fóðurbirgðaskoðun</u>: Kosnir voru til þess starfa tveir menn. Reyndar gáfu þessir tveir menn kost á sér fyrir enga greiðslu ~~frá~~ hreppnum eða öðrum, og voru mennirnir Hannes Hannesson á Melbreið og Jón Sigmundsson á Mólastöðum. ~~Kosningin~~ Stendur þetta yfir þenna vetur.

3. <u>Vegamál</u>. Mikið var rætt um vegamál hreppsins og að aflokinum umræðunum var samþykkt þessi tillaga:
„Fundurinn samþykkir að allir verkfærir menn í hreppnum gefi eitt dagsverk hver á komanda vori að sýsluvegargjörðinni á milli Hvamms og Gils."

Þá var rætt um að aka möl að sýsluveginum, sem lagður var s.l. vor, nú á þessum vetri og bjuggust menn við, að sú vinna myndi fást fyrir ekkert — yrði gefin. Þessir lofuðu gefins vinnu, af þeim, sem á fundinum voru:

| | |
|---|---|
| Páll í Hvammi | 50 kr. |
| Jón G. Jónss. Tungu | 50 — |
| Hannes Melbreið | 10 — |
| Jón Gili | 10 — |
| Jón Móafelli | 20 — |
| Sveinn Bjarnargili | 10 — |
| Jóhann Þrasast. | 10 — |
| Björn Stórubrekku | 10 — = 170 kr. |

Þá var samþykkt að sækja um Kr. 600 úr sýslusjóði til sýsluvegar hér í hreppi á komanda vori.

4. <u>Sýsluvegasamþykkt</u>: Talsvert var rætt um uppkast það er Sýslunefndin samdi á s.l. fundi sínum um væntanlega sýsluvegasjóði. Þar sem menn voru eigi nægilega kunnugir máli þessu var ekki um það greidd atkvæði

5. Innheimta hreppsgjalda.
Oddviti bar upp það, að skift yrði oddvitastörfum þannig, að gjaldkera starfið yrði skilið frá öðrum störf = um oddvitans. Og leitað yrði samþykkt Sýslufundar ^ til þess að væntanlegum innheimtumanni hreppsgjaldanna yrði heimilt að taka 3% af gjaldendum. Var málið talsvert rætt og síðan borið undir atkvæði og felt.
6. Dýralækningar. Jóhann á Brasastöðum bar upp, hvort menn sæi sér ekki fært, að styrkja einhvern mann til dýralækn= inganáms. Eftir nokkrar umræður var málinu vísað til hreppsnefndar= innar til frekari aðgjörða.
7. Spurst fyrir um sauðfjárbaðanir og menn áminntir um að vanda þær svo sem frekast er hægt.
8. Berklavarnamál. Lesið upp bréf frá berklavarnafélagi Íslands, um stofnun deildar í félagi þessu. Ekkert samþykt um málið að svo stöddu en ákveðið ~~að~~ að halda almennan fund fyrir báða hreppana seinna í vetur.
9. Útklutað skattskrám.
Fleira gjörðist ekki.
Fundargjörð lesin og samþykkt.
Einar B. Guðmundsson. G. Daviðsson

Þriðjudaginn þ. 17. febrúar 1925 átti hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér á Hraunum.
1. Minst var á skuld Jóhannesar við hreppinn og Búnstofnsdeildarlán í sambandi við það. Ákveðið, að reyna til, ef mögulegt væri, að fá ~~..~~ þá eiginlegu skuld greidda nú á þessu ári, þar eð hún reyndist að vera svo miklu lægri, við ~~...~~ rannsókn þeirra Hermanns og Jóns í Bæ, en áður var talið. = ca. 600 kr. Var jafnvel talað um, að styrkja hann eitthvað til lántöku við Sparisjóð Fljótamanna, ef mögulegt væri að fá lán úr honum og jafnvel þá, ef hægt væri, að hann fengi svo stórt lán, að hann gæti klárað með því hluta Holtshrepps af Búnstofnsdeildarláninu

2. Jóhann í Hólakoti skuldar hreppnum kr. 100 + útsvar frá s. ári (1923) kr. 20 og útsvar 1924 kr. 20.00 samtals kr. 140.00. Var samþykkt að reyna til að ná skuld þessari á næsta sumri í heyi og ætlar Jón í Tungu að reyna að sjá um, að það náist.
3. Sveini á Bjarnargili falið að semja við Þorberg Arngrímsson um skuldir hans við hreppinn og reyna að innheimta þar eftir mætti.

Annars var aðalttilefni til hreppsnefndarfundarins það, að ~~et~~ yfirfara og kynna sér reikning hreppsins 1923–'24, sem ekki var hægt að semja fyr en nú vegna vantandi undirstöðu-

atriða. (Sjá nánar um það í reikningabók hreppsins). Sat hreppsnefndin við það frá miðdegi þ. 16 ~~til kvöl~~ og fram á nótt, og fannekkert sérstakt út á það að setja.

Fundargerð lesin upp og samþ.

Einar B. Guðmundsson

Hannes Hannesson Jón G. Jónsson

Sveinn Jónsson Jóh. Guðm.son

Mánudaginn 27. apríl 1925 átti hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér á Hraunum. Jóhann á Þrasastöðum mætti ekki á fundinum.

Tilgangur fundarins var að ræða um, hvort selja skyldi Páli Arngrímssyni, sem einnig var við staddur, eignarjörð hreppsins, Bakka í Holtshreppi.

Tilboð Páls er kr. 1000,00

Vildu þeir Jón í Tungu og Sveinn á Bjarnargili selja fyrir það verð. Hannes á Melbreið er á móti allri sölu og Einar á Hraunum vill selja fyrir kr. 1200.00. Var ákveðið að tala við Jóhann á Þrasastöðum í dag og láta hann skera úr um söluna. Skal láta Pál vita af eða á um úrslitin á morgun eða einhvern næstu daga.

Fleira kom ekki til umræðu

Fundargerð lesin og samþ.

Einar B. Guðmundsson.

Sveinn Jónsson Hannes Hannesson

Jón L. Jónsson

Afrit.

Sunnudaginn 21. júní 1925 átti hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér á Brúnastöðum. Á hreppaskilum, sem haldin voru þ. 13. þ. m. gengu þeir úr nefndinni Hannes Hannesson og Jón G. Jónsson. Voru þeir báðir endurkosnir.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Kosinn oddviti til næstu 3. ára. Kosningu hlaut Jón G. Jónsson í Tungu með 3 atkv. Einar á Hraunum fékk 2. —
2. Einar á Hraunum gat þess, að hann hefði hitt Svein Þorsteinsson frá Vík og átt tal við hann um flutningsgjald Guðnýjar Benidiktsdóttur frá Sauðárkróki til Haganesvíkur í aprílmán. 1924. Vildi Sveinn ekki slaka neitt til á því, sem hann upprunalega setti upp. Samþ. hreppsnefndin nú, sem fyrri, að bjóða 10 kr. borgun eða ekkert ella.
3. Fráfarandi oddviti lagði fram bréf frá Búnaðarfél. Íslands, þar sem hreppnum er gefinn kostur á hrútasýningu á 23. okt. n. k. Ákvað hreppsnefndin að taka þessu boði og reyna að fá að hafa sýninguna á Reykjarhóli. Voru þeir Jón í Tungu og Jóhann á Þrasastöðum kjörnir í dómnefnd.
4. Vegamál. Á síðasta fundi sínum veitti sýslunefnd Skagfirðinga kr. 600.00 til sýsluvega

í Holtshreppi, gegn kr. 300.00 frá hreppnum. Þessar 300 kr. hafa fengist með samskotum. Við þetta bætast 52 dagsverk, sem er ~~skylduvega~~ hreppavegavinna, sem til fellst á þessu ári og þar að auki 3 dv. manna, sem flutt hafa burt úr hreppnum. Er nú ákveðið að verja þessu fé sem mest á 2 staði:

1. Svo mikið sem þarf til þess, að gera Hraunabraut vel úr garði, en hún þarf mikilla aðgerða við.
2. Í framhald brautarinnar norður frá Skjöfluhólum.

Þess utan skal verja 8 dv. til viðgerða hjá Lundi og Melbreið. Er gert ráð fyrir, að 3 nægi hjá Melbreið. Hefir María á Lundi heitið, að bæta við sín gjafadagsverk, ef þörf yrði við ófærur í landi hennar.

Var Jóhann á Þrasastöðum kosinn til að hafa umsjón með vegagerð hér í hreppnum og framkvæmdir þær að lútandi á þessu ári, og kvaðst hann skyldu gera það eftir því, sem hann gæti.

Ákveðið var, að byrja að vinna í „Hvammsbraut" á föstudaginn kemur og í Hraunabraut annan mánudag.

Fleira kom ekki til umræðu. Fundargerð lesin og samþ.

Hreppsnefnd

Sunnudaginn þ. 11 júlí 1925 ~~[illegible]~~ átti hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér í Tungu. Þetta gerðist:

1. Kosinn varaoddviti. Einar á Hraunum vildi ekki gefa kost á sér og fengu þeir jöfn atkvæði Jóhann á Þrasastöðum og Sveinn á Bjarnargili. Réði hlutkesti því, að Jóhann var kosinn.

—— Sveinn á Bjarnargili mætti ekki á fundinum. —

2. ~~Oddviti kvaðst hafa talað~~ Síðasta alþingi veitti heimild til, að Bjargráðasjóður Íslands lánaði illa stæðum hreppum og sveitarfélögum dálítið fé með góðum kjörum gegn ábyrgð sýslunefnda.

En með því, að hreppurinn skuldar töluvert fanst hreppsnefndinni að það myndi vera búmannsbrykkur ~~[illegible]~~ fyrir hreppinn að ~~[illegible]~~ nota sér heimild þessa og taka lán úr Bjargráðasjóði, svo mikið, að með því væri hægt að greiða allar aðrar skuldir. Kvaðst oddviti hafa minst á það við sýslumanninn, þegar hann þingaði, hvort hann myndi ekki fús til að ljá lántökubeiðni þessari fylgi sitt upp á væntanlegt ~~[illegible]~~ samþykki sýslunefndar. Sagði sýslumaður að svo skyldi vera. Var samþykt að taka skyldi kr. 6500 — sex þúsund fimmhundruð krón-

lán úr bjargráðasjóðnum
og var oddvita falið alla fram-
kvæmd þess, svo sem að fá
samþykki sýslumanns.
Ennfremur var honum – oddvita –
falið, að tala við hreppsnefnd
Haganeshrepps og reyna að fá
hana til að ~~taka~~ biðja um lán úr
bjargráðasjóðnum, jafnhliða
okkar beiðni, þar eð mikið
af skuldum hreppsins eru
í félagi við Haganeshrepp,
að jöfnum hlutum, og því
getur Holtshreppur ekki klárað
að þær skuldir nema Haganes-
hreppur geri það líka.
3. Oddviti skýrði frá því að sam-
komulag hefði náðst við Svein
Þorsteinsson um það, að greiða
honum kr. 20.00 fyrir flutningin
á Guðnýju frá Sauðárkrók;
sem minst er á í næstu
fundargerð hér á undan.
Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundargerð lesin upp og samþ.

Jón Ö. Jónsson
Jóhann Guðmundsson
Hannes Hannesson
Einar B. Guðmundsson.

Sunnudaginn 22 ágúst 1925
hélt hreppsnefndin í Holtshreppi
fund með sér á Brúnastöðum. Allir
hreppsnefndarmenn voru mættir
nema E. B. Guðmundsson.
Þetta gjörðist á fundinum
1 Jafnað niður fjallskilum á afrétti-
lönd og hér segir

| | I | II |
|---|---|---|
| Jóhannes Friðbjörnsson | 2 | 1 |
| Sigurður Jónsson — | 2 | 1 |
| Kristján Jónsson — | 2 | 1 |
| Páll Jónsson — | 2 | 1 |
| Sveinn Arngrímsson — | 2 | 2 |
| Sveinn Jónsson Bjarnargili | 2 | 1 |
| Jón Sigmundsson Málastöðum | 1 | 1 |
| Guðbjörn Jónsson Reykjarh. | 1 | 2 |
| Sigríður Hannesdóttir Hólum | 1 | 1 |
| Jón Jóakimsson Lóni | · | 1 |
| Jón Arngrímsson Gili | 1 | 1 |
| Þorbergur Arngrímsson | 1 | — |
| Páll Arngrímsson Hvammi | 1 | 2 |
| Guðm. Guðmundsson Hv. st. | 1 | 1 |
| Jónas Jósafatsson Knappsst. | 2 | 2 |
| Jón Guðvarðarson Melbreið | 1 | 1 |
| Hannes Hannesson st. | 1 | 1 |
| Anton Jónsson Vestaðum | 2 | 2 |
| María Guðmundsdóttir Lundi | 2 | 2 |
| Þorvaldur Guðmundsson | 1 | 1 |
| Jóhann Guðm.son Þrasastöðum | 3 | 3 |
| | 30 | 27 |

| | I | II |
|---|---|---|
| Jón Gunnlaugsson Máafelli | 3 | 3 |
| Þorlákur Stefánsson Gautastöðum | 1 | 2 |
| Jóhannes Bogason Gautastöðum | 1 | 1 |
| Jóhann Benediktsson Skeiði | – | 1 |
| Sigurjón Jónsson Stóruþverá | – | 1 |
| Björn Stefánsson Stóruþverá | 1 | — |
| Anna Jóhannesdóttir Berghyl | 1 | – |
| Pétur Jónasson Minnibrekku | 1 | 1 |
| Guðm. Stefánsson st. | 1 | – |
| Guðm. Benediktsson st. | 3 | — |
| Kristján Bjarnason Stóruþrekku | 2 | 1 |
| Bogi Jóhannesson Sléttu | 2 | 2 |
| Jónas Jónasson Siglufirði | 1 | – |
| Guðmundur Sigurðsson Siglufirði | 1 | – |
| | 18 | 12 |

Samlagt 18–12
Flutt frá hinni síðu 30–27
78–39

Verður þá als í fyrri göngur — 48
í síðari göngur — 39

Fjallskilastjóri var kosinn Hannes Hannesson
Réttarstjóri Jón G. Jónsson

Fjallskilastjóri skrifar fjallskilaseðla og skipar göngustjóra í heimalöndum.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið

Jón G. Jónsson

Árið 1925, þ. 23 nóv. kom hreppsnefndin í Holtshreppi saman á Brúnastöðum til niðurjöfnunar útsvara og fleiri starfa.

Fundurinn hófst á því, að oddviti lagði fram áætlun fyrir næsta ár. Var gert ráð fyrir, að gjöld þyrftu að verða á næsta ári kr. 7956.00 og þyrfti að jafna niður kr. 6000.00. Var áætlunin samþykt óbreitt og svo horfið að, að jafna útsvörunum niður.

Í þetta sinn fór hreppsnefndin nákvæmlega eftir fyrirmælum Sýslunefndar Skagfirðinga, ~~frá~~ 1923, þannig:

Fyrst voru tekjur manna og eignir, á síðustu skattskrá, lagðar saman. Þarnæst voru tekjur

og eigni þeirra, sem flutst höfðu úr hreppnum á árinu, dregnar frá, og kom þá út tekju= kr. 113.654 ~~á tekjur og~~ og eigni = kr. 208.159.

Jörðskattur var áætlaður kr. 366.-

Persónugjald 10 kr. á karlm. og 5 kr. á kvenmann alls ca. 800.-

| | | |
|---|---|---|
| Eignagjald | — — ca — | 2080.- |
| Tekjugjald | — — — | 2754.- |
| | Samtals | 6000 |

~~Dregið frá~~ Ætlað til frádráttar fyrir börn innan 10 ára aldurs kr. 600.-

10 af þúsundi voru því lagðar á eignina og 3 af hundraði á tekjur, sem hækkaði svo samkv. gjaldstiga sýslunefndarinnar. 10 kr. voru dregnar frá fyrir hverju barni, þegar búið var að reikna hvert útsvar ~~út~~.

þetta, sem hér er sagt á við bændur. Á allt búlaust fólk var lagt eftir sömu reglu, að því undanteknu, að ekki voru lagðar þar nema 2 kr. á hvert tekjuhundrað.

Þegar svo þetta var loksins allt búið, voru útsvörin athuguð í samanburði hvort við annað og örlitlar breytingar gerðar, sérstaklega í þá átt, að lækka hjá einstaka manni.

2. Lestrarfjelag.

Ákveðið var að hafa sama fyrirkomulag á því og síðastliðið ár. En sú breyting hefur á því orðið að bækur þær sem voru á Brúnastöðum voru fluttar að Lambanesreykjum og tók að sjer bókavörsluna Sigríður Jóhannesdóttir. Bókavörsluna í Stíflu hefur Gunnlaugur Jónsson Melbreið

3. Jafnað niður ellistyrk.

Ellistyrkur sá sem til úthlutunar kom að þessu sinni, var kr. 210,00
Hreppsnefndinni höfðu borist 10 umsóknir og var engri þeirra vikið frá
Þessir sóttu og fengu styrk:

| | | |
|---|---|---|
| Þórunn Ingimundardóttir | kr. | 50,00 |
| Sigurþór Jónsson | " | 20,00 |
| Guðrún Jónsdóttir | " | 20,00 |
| Guðrún Jóhannsdóttir | " | 20,00 |
| Jón Gunnlaugsson | " | 15,00 |
| Ingibjörg Sveinsdóttir | " | 15,00 |
| Arngrímur Sveinsson | " | 20,00 |
| Kristín Þorkellsdóttir | " | 20,00 |
| Ástríður Sigurðardóttir | " | 15,00 |
| Lilja Sveinsdóttir | " | 15,00 |
| Samt. | kr. | 210,00 |

4 Böðun í hreppnum.

Ákveðið var að ~~fjár~~ þrifaböðun á sauðfje í öllum hreppnum færi fram undir umsjón böðunarstjóra [illegible].
Sigurður Jónsson á Lambanesreykjum sjer um böðunina frá Hraunum og að Brúnastöðum, að þeim báðum bæjum meðtöldum.
Sveinn Jónsson Bjarnargili frá Brúnastöðum að Reykjarhóli að þeim bæ meðtöldum.
Hannes Hannesson Melbreið frá Reykjarhóli að Nefstöðum, að þeim bæ meðtöldum.
Jóhann Guðmundsson Þrasastöðum ~~fra~~ frá Nefstöðum framúr og Móafell.
Steinn Jónsson Hringverum bæjum á vesturkjálkanum í Stíflu.
Bogi Jóhannesson Sléttu hefur vestur-línuna frá Stíflu og niður úr.
Fyrir umsjón á böðuninni er ekkert kaup goldið.

Fleira tók nefndin ekki fyrir, sem bóka þurfti.
Fundargjört lesin upp og samþykt
Jóhann Guðmundsson
Hannes Hannesson
Sveinn Jónsson
Þórður Jónsson

Fimtudaginn 14 jan 1926
var fundur haldinn að Tungu
í Stíflu. Til þess að ræða um útsvars-
kæru, sem hreppsnefndinni hafði borist
frá Pétri bónda Jónssyni á Hraunum
Mættir voru á fundinum þeir G. Jónsson
oddviti Sveinn Jónsson, Jóhann Guðm. son
og útsvarskærandi Pétur Jónsson.
Oddviti setti fundinn og las upp útsvars-
kæruna, að því loknu hófust umræður
um málið. Jafnað hafði verið niður á
Pétur Jónsson Kr. 334.00 en í kærunni
er farið fram á lækkun Kr. 110.00
Kærandi árettaði það, sem í kærunni stóð
og bætti við samanburði á nokkrum ómaga
mönnum, þar sem hann taldi sig fá minni
frádrátt fyrir sínum ómögum en þá
ekki nema Ca 120 kr. mót 333.- hjá þeim.
Við umræður kom það í ljós að eftir þeim
reglum, sem hreppsnefndin fór viðurkjandi
þessu atriði, að kærandi hefði setið við
sama borð og aðrir. Umræður urðu talsverðar
um málið og kom að lokum fram uppástunga

frá oddvita að lækka útsvarið um
krónur 30.oo á þeim grundvelli að
samkomulag náist og vegna skemma-
missir, sem kærandi varð fyrir á
síðasta vori. Varð það að samkomu-
lagi að því viðbættu að ekki skyldi
lagt á þær tekjur sem kærandi kynni
að hafa haft af viðskiftum síðast
liðið sumar.

Fleira ekki bókað

Fundargjörð upplesin og samþykt
af meiri hluta hreppsnefndar og
kæranda.

Fundi slitið.

Jón G Jónsson.

Jóhann Guðmundsson

Pétur Jónsson. Sveinn Jónsson.

ósamþykkur

Sunnudaginn 31 jan. 1926
kom hreppsnefndin í Hallshreppi
saman á Tungu.

Þá var tekið fyrir:

1 Krafa bæjarstjórans á Akureyri
um styrkveittan Kristínu Jónsdóttir
sem talin er að eiga framfærslusveit í
Hallshreppi. Upphæð þessi nemur
fullar kr 2000.- Eftir það að nefndin
hafði ~~at~~ athugað skjöl þess sem
voru 52 að tölu kom henni saman um
að ~~A~~ neyta greiðslu á ~~skuld~~ kröfu þessari sökum
að fyrverandi oddviti hafi ~~mót~~
~~þess~~ að ... kröfu heimflutnings á nefndri konu
12 mars 1924, og frá þeim tíma beri
Hallshreppi engin skylda til framfærslu
hennar, sökum þess hún var ekki send
heim á sveit sína sam kvæmt kröfu
~~hennar~~ oddvita.

2 Dómur bæjarstjóra Siglufjarðar
í faðernismáli Bjarna Bjarnasonar

Ekki sá nefndin sér fært að neita
dóm þessum þótt hann sé alt ó=
skyggilegt út gjalda beri fyrir
Haltshrepp., en reynandi væri að
vita hvort móðir barnsins ekki vildi
gefa það eftir ~~hvort~~ að Haltshreppur
fengi að halda barninu.

3 Oddviti tilkynti hreppsnefndinni
að nú væri ~~það~~ komið Bjargráðasjóðs-
lánið sem hreppurinn hafði sótt um
Fullar 2000 krónur hefði sýslumaður
tekið uppí skuld hreppsins við sýslu=
una en fremur kr 175:- til Siglufj. með
barni Bjarna Gíslasonar.
Ennfremur kom nefndin sér saman
um að borga ~~ser~~ skuld hreppsins við
Sparisjóð Fljótamanna og kaup=
félagsskuldina við sparisjóðinn á
Sauðárkrók sem hreppurinn á
standi í ábyrgð fyrir og að nokkru
leyti er fallin á Hreppinn

4 Oddviti tilkynti nefndinni að hann
hefði gjört fyrirspurn til sóknar
prestsins á Siglufirði um hvort sem
hefðu ~~spurt~~ hjá sér eiga heimili á
Siglufirði og við þá sam sóknar=
hefði komið í ljós að þeir hefðu
farið á snið við nefndina til að reyna
komast hjá gjöldum, og skildi
hreppsnefndin gjalda þess eftir
mætti að menn kæmust ekki upp með
slíkt.

Fleira var ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Jón [illegible]sson

Árið 1926, þann 15. Febrúar, var haldinn almennur bændafundur að Brúnastöðum — að undangengnu fundarboði — Fundur þessi er hinn vanalegi Miðsvetrarfundur hreppsbúa.

Þetta gjörðist:

1. Lesin upp styrkþegaskrá og tekið á móti athugasemdum við hana.
2. Lagðar fram kjörskrár, til innansveitarkosningar og alþingiskosningar.
3. Vegamál hreppsins. Mikið var um málið rætt og að ~~[illegible]~~ loknum umræðum, var þessi tillaga samþykt:

"Fundurinn samþykkir, að fela sýslunefndarmanninum að sækja um styrk úr sýsluvegasjóði, svo miklum, sem hann sér sér nokkurn kost á. Og sé ekki annars kostur, en að leggja eitthvað á móti væntanlegum styrk, þá skuli sýslunefndarmaðurinn ekki ganga frá að lofa framlagi heimanað alt að jafnmiklu og í fyrra (þ.e. alt að helmingi á móti styrknum)

4. Sjúkratryggingar. Nokkuð var rætt um málið og að umræðum loknum, var þessi tillaga samþykt:

"Fundurinn skorar á sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, að samþykkja ekki frumvarp til almennrar sjúkratryggingar, eins og það lá fyrir síðasta þingi."

5. Lesinn upp hreppsreikningurinn 1924-25. Í sambandi við þetta var þessi tillaga borin upp og samþykt:

"Fundurinn skorar á hreppsnefnd Fellshrepps, að krefja Kaupfélag Fljótamanna um greiðslu á skuld þeirri sem hreppurinn hefir ábyrgst og að nokkru greitt fyrir það."

Tillaga þessi kom frá Pétri Jónssyni á Hraunum.

6. Útbýtt skattskrám.

Fleira gjörðist ekki

Guðm. Davíðsson

Jón G. Jónsson

Árið 1926, þ. 7. April var fundur haldinn á Brúnastöðum til þess að ræða um það, hvernig jafna beri niður sýsluvegasjóðs=gjaldi hér í hreppnum, hvort heldur skyldi taka gjald þetta að eins af fasteignum í hreppnum, eða þá að jafna gjaldinu niður eins og útsvörum, á alla gjaldendur hrepps=ins. Fundarboð hafði verið látið ganga um hreppinn, þessu málefni viðkomandi.
Um 20 atkvæðisbærir menn mættu á fund=inum.

Eftir langar umræður var málið borið undir atkvæði.

Atkvæðagreiðslan fór svo, að 17 atkv. voru því fylgjandi, að gjaldið yrði tekið af fasteignum hreppsins, en 2 atkvæði á móti. Um fleiri atkvæði á fundinum var eigi að ræða.

Fleira gjörðist ekki þessu máli við=víkjandi.

— " —

Á eftir ofannefndum fundi var rætt um ýmislegt hreppnum viðkomandi. Þar á meðal kom fram fyrirspurn frá Páli Jónssyni á Illugastöðum um það hvað liði hey=skap í þarfir hreppsins, sem samþykktur var á s. l. vori. Undir umræðunum um fyrirspurnina kom það upp úr kafinu, að hvergi hafði verið heyjað nema í Kraunsa=engi undir umsjón Péturs á Kraununum. Þar stæði heyfúlga, ~~sem~~ í enginu, enn þá óseld, eftir því sem menn frekast vissi til. Ákveðið að grennslast eftir hjá Pétri, hvað liði um sölu á þessu heyi.

Í sambandi við þetta var borin upp sú tillaga, að þeir hreppsbúar, sem ekki hefði neitt ~~nokkuð~~ hugsað um, að heyja fyrir hreppinn s. l. sumar, skyldi á næsta sumri standa við þá gefin loforð sín, annaðhvort með heyskap eða heygjöfum. Tillagan borin upp og samþykkt. Fleira gjörðist ekki

Fundargjörð lesin og sam=þykkt.. Fundi slitið

Jón Gr. Jónsson
Guðm. Davíðsson

Þann 19 júní 1926 áttu hreppsnefnd
í Hálshreppi fund með sér að Brúnast.
til að ráða um vegamál
1 Samþykt var að láta 7 dagsverk ganga
til viðgjörðar suman og ofan við Stórubr.
verkstjóri Guðm. Benediktsson.
2 Partur neðan við Helgustaða túnið er
af allra dómi álitin ófær. En þar sem
búist er við að framtíðar vegurinn
liggi talsvert neðar en nú er farið
þótti hreppsnefndinni ekki ráð að
leggja þarna mikið í kostnað, og
kom henni því saman um að láta
grafa skurð þar yfir mýrina sem verða
of hægt væri að komast áfram í
neðri bakka hans. Hjelt hreppsn.
að hægt væri að komast af með 6-
dagsverk verkstjóri Sveinn í
Bjarnargili

3. Af gangorum 38 dagsverk skulu ganga
í að malbera og fullgjöra veginn frá
Stíflu hólum að Gullhól á samt 500-
kr. sem hreppurinn fær úr Sýsluvega
sjóði á þessu ári þar svo að einhver
af gangurverði frá þeim vegi skal hann
ráðstafað síðar.
4. Guðm. Ólafsson Stórahálsi flutti
burt úr sveitinni á þessu ári og þar er
hann var í kjörstjórn var Einar á
Hraunum kosinn í hans stað.
Fleir gerðist ekki
Fundargerð upplesin og
samþykt
Jón Þ. Jónsson
Einar B Guðmundsson
Jóhann Guðm.son
Sveinn Jónsson

þ. 22. ágúst 1926
átti hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér á Brúnastöðum. Þetta gjörðist:

1. Oddviti lagði fram bréf frá sýslumanni Skagafjarðarsýslu þar sem hann krefst þess, að hreppsnefndin skrifi undir tryggingarbréf til handa sýslusjóði Skagafjarðarsýslu, vegna láns, sem ~~sýslan~~ sýslan ábyrgðist fyrir hreppinn á s.l. hausti og tekið var í Bjargráðasjóði Íslands, að upphæð kr. 6500 — sex þúsund fimmhundruð-krónur.

Hljóðar tryggingarbréfið svo:

Hreppsnefnd Holtshrepps kunngjörir: Með því, að sýslusjóður Skagafjarðarsýslu hefir með ábyrgðarskjali útg. 10. sept. 1925, tekist á hendur ábyrgð á greiðslu láns, er sveitarsjóður Holtshrepps, hér í sýslu, hefir fengið hjá Bjargráðasjóði, að upphæð kr. 6500 — sexþúsund og fimmhundruð krónur — og samkvæmt ályktun sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, á aðalfundi hennar 15. marz þ.á. er ofangreindum sýslusjóði hér með veð settar allar eignir og tekjur sveitarsjóðsins, með fyrsta veðrétti, til tryggingar öllum

þeim fjárframlögum og tjóni, er leiða kann af ofangreindri ábyrgð fyrir sýslusjóðinn.

Nær veðið jafnt til tryggingar vaxtagreiðslum og afborgunum, svo og til alls kostnaðar er af ábyrgðinni kann að leiða fyrir sýslusjóðinn.

Bréf þetta má þinglesa á kostnað ~~hreppsins~~ sveitar sjóðsins.

Til staðfestu eru undirrituð nöfn vor hreppsnefndarmannanna

Gjört að Brúnastöðum, 22. ág. 1926
Í hreppsnefnd Holtshrepps.
Jón G. Jónsson Einar B. Guðmundsson

Hannes Hannesson

2. Oddviti lagði fram ~~sk~~ símskeyti frá sýslumanni, þar sem hann krefst símleiðis viðurkenningar á því, hvort Friðrik Jóakimsson væri sveitlægur hér í hreppi. En með því, að ~~skeytið~~ oddviti kvaðst enga afleiðsluskýrslu hafa fengið og skeytið auðsjáanlega ~~[illegible]~~ afbakað, þá fanst nefndinni ekki annað vera hægt að gera að svo stöddu en að fá frekari skýringar þessu viðvíkjandi, hjá sýslumanni.

3. Jafnað niður fjallskilum svo sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Jóhannes Friðbjarnarson | | 3 dsk. |
| Sigurður Jónsson | — | 3 — |
| Kristján Jónsson | — — — | 3 |
| | | 9 |

flutt 9

| | | |
|---|---|---|
| Páll Jónsson Yllugast. | 3 | f.sk. |
| Sveinn Arngrímsson | 4 | |
| Sveinn Jónsson Bjarnargili | 3 | |
| Jón Sigmundss. Malastöðum | 2 | |
| Guðbjörn Jónsson Reykjarh. | 3 | |
| Sigríður Hannesd. Hólum | 2 | |
| Jón Arngrímss. Gili | 2. | |
| Jón Jóakimsson Hrauni | 1 | |
| Páll Arngrímsson Hvammi | 4 | |
| Guðm. Guðmundss. Hringstöðum | 2 | |
| Jónas Jósafatss. Knappstöðum | 2 | |
| Steinn Jónasson SSt | 2 | |
| Hannes Hannesson Melbr. | 2 | |
| Jón Guðvarðsson SSt | 1 | |
| Anton Jónsson Nefst. | 4 | |
| María Guðm.d. Lundi | 4 | |
| Þorvaldur Guðm.sson Deplum | 3 | |
| Jóhann Guðm.ss. Þrasast. | 6 | |
| Jón Gunnlaugsson Máfelli | 6 | |
| Steinn Jónsson Hring | 6 | |
| flytt. | 70 | |

flutt 70

| | | |
|---|---|---|
| Jón G. Jónsson Tungu | 20 | f.sk. |
| Þorláksnr Stefánsson Gautst. | 3 | |
| Jóhannes Bogason Gautast. | 2 | |
| Jóhann Benediktsson Skeiði | 1 | |
| Guðm. Benediktsson Stórubr. | 3 | |
| Björn Stefánsson SSt. | 1 | |
| Guðm. Stefánsson Minni brekku | 1 | |
| Pétur Jónasson SSt. | 2 | |
| Pétur Jónsson Berghyl | 1 | |
| María Kristjánsd. Stórubr. | 3 | |
| Bogi Jóhannesson Sléttu | 4 | |
| | 111 | |

Als er þá jafnað niður 111 dagsverkum og skiftast þau sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Ólafsfjörð 17 dagsverk | 17 |
| Klaufabrekknadal | 10 |
| Kvarfdal | 20 |
| Máfellsdal | 18 |
| Hamarshyrna | 6 |
| Tungudal | 20 |
| als til gangna | 91 |

fjallskil

Sendir menn í aðrar réttir
1 maður í Siglufjörð og heyi 3/8 [illegible]
fyrir --- 3
Svarfaðardal --- 3 +
--- 3 —
Flókadal --- 3 +
Unadal --- 2 —
fyrir réttarstjórn --- 2 —
Fjallskilastjórn ---
fyrir að rekstr. úthlutun af --
Almenningum í dalrétt --- 2
als — 18
eru þá tvö dagsverk til:
afgangs sem ætluð eru til vara

Laugardaginn þ. 11. des. 1926.
átti hreppsnefndin í Holtshreppi
fund með sér í Tungu. Sveinn
á Bjarnargili var ekki mættur.
Þetta gjörðist:

1. Oddviti lagði nýsaminn hrepps-
reikning fram, hreppsnefndinni
til sýnis. Var reikningurinn
þó ekki alveg fullgerður. Ætlar
Hannes á Melbreið ~~[illegible]~~ að að-
gæta hann betur fyrir hrepps-
nefndarinnar hönd. Hefir
2. hreppurinn fengið allhátt lán
úr Bjargráðasjóði Íslands á
reikningsárinu, kr. 6500 — og eru ástæður
hans með þetta móti í þetta
sinn.

2. — Úthlutað var styrk
úr Ellistyrktarsjóði Sýslunnar.

Til útklutunar komu kr. 235.–
þessir sóttu og fengu
styrk, sem hér segir:

1. Arngrímur Sveinsson, Gili kr. 25.00
2. Ástríður Sigurðard. s. st. – 25. –
3. Guðm. Stefánsson, M. Brekku 25. –
4. Jón Gunnlaugsson, Móafelli 30.00
5. Ingibjörg Sveinsdóttir, Reykj. 25.00
6. Kristín Þorkelsdóttir, Hring 35.00
7. Guðrún Jóhannsdóttir, Stórub. 35.00
8. Guðrún Jónsdóttir, Hólum 35.00

Saml. kr. 235.00

Jón G. Jónsson
G. B. Guðmundsson

Árið 1927 fimtudaginn 6 jan. komu
nokkrir menn saman í húsi félagsins
"Von" Stíflu, til þess að ræða um læknis
bústað og sjúkra skýli í Hofsós læknis
héraði.
Fundinn setti Jón G. Jónsson og nefndi
til ritara Jóhann Guðmundsson.
Fundar viðvíkjandi þessu málefni
hefði í annað sinn verið boðaður um allan
hreppinn með nægum fyrirvara.
Oddviti Jón G. Jónsson las upp bréf frá
Oddvita í Hofsós, þar sem farið
héraðs lækninum ... umdæm
er fram á, að hrepparnir innan umdæm
isins leggi saman og komi upp læknis
bústað á samt sjúkra skýli: sem
læknir geti fengið á leigu með sann
gjörnum skilmálum.
Því næst las oddviti upp útdrátt úr
fundargjörð frá fundi er haldinn var
í Hofsós 11 des. 1926. af oddvitum
hreppanna viðast hvar til sennar
málið var nokkuð rætt og var að lokum
sam þykt svo hljóðandi tillaga
frá Jóhanni Guðmundssyni:

„Fundurinn samþykkir að fela oddvita Holtshrepps Jóni G. Jónssyni að koma fram fyrir hönd hrepps síns, í þessu máli, eftir því sem honum þykir heppilegast.

Fleira var ekki fyrirtekið
fundargjörð upplesin og samþykt.
Fundi slitið.

Jón G. Jónsson
Jóh. Guðmundsson

Árið 1927, þann 25. Febrúar var ~~haldinn~~ almennur bændafundur haldinn að Brúnastöðum — að undangengnu fundarboði. Margir bændur voru mættir á fundinum. Fundurinn er hinn almenni „miðsvetrarfundur hreppsbúa.

Þetta gjörðist:

1. Mál til sýslufundar.

a. Vegamál.

Samþykkt var, að reyna til að fá því framgengt að akvegur verði lagður frá Haganesvík til Fljótaárbrúar, þegar á næsta vori. En hvað sem því líður, þá verði sótt um fé úr sýsluvegasjóði, til þess, að fullgjöra veginn frá Sevammi að Gullhól, og sé það á vald sýslunefndarmannsins, hve mikið fé verður sótt um.

B. Læknishússmál. Eftir nokkurar umræður var þetta tillaga samþykkt:

„Fundurinn samþykkir að fela oddvita hreppsins Jóni G. Jónssyni á Tungu að koma fram fyrir hönd hrepps síns í þessu máli, eftir því, sem honum þykir heppilegast — á væntanlegum fundi um mál þetta á Sauðárkróki nú í næsta mánuði."

2. Fræðslumál. Talað var talsvert um mál þetta, og snerust umræðurnar aðallega um það hvort barnaeigendur eða hreppurinn eigi að greiða fæðiskostnað barnakennarans, ásamt með húsaleigu til fræðslunnar. — Þar sem margir barnaeigendur lýstu því yfir að þeir hefðu lögin með sér í því, að hrepp=um bæri að greiða ofannefnd gjöld, þá neit=uðu þeir algjört að greiða sjálfir persónulega nokkurn hluta þessara gjalda, nema í út=svörum — þá var ekkert samþykt í mál=inu.

3. Lögð fram ellistyrktarsjóðsskýrsla.

4. Lagðar fram kjörskrár til innansveitar=kosningar og alþingiskosningar.

5. Rengið eftir búðunarskýrslum.

6. Hrossakynbætur. Samkvæmt hinum nýju hrossakynbótalögum var kosin hrossakynbótanefnd — 3 menn til næstu hreppsnefndarkosninga, og hlutu kosningu:
Jóh. á Þrasastöðum
Páll á Illhugastöðum
Guðbrandur í Saurbæ.

7. Kosnir forðagæslumenn í vetur þeir:
a. Páll Jónsson á Illhugast.
Sveinn Arngr. á Brúnastöðum
frá Hrauninu að Brúnastaðaá.
B. Þorsteinn Helgason á Stórahollti
Hallgrímur Arngr. á Minnahollti —
frá Brúnastaðaá, að Stífluhólum
C. Steinn Jónsson á Hring
Anton Jónsson á Nefstöðum —
~~frá~~ í Stíflunni.
D. Bogi Jóhanness. á Sléttu
Pétur Jónsson á Berghyl
frá Skeiði að Sléttu.
Allir þessir menn starfa kauplaust.

8. Yfirsetukvenna mál: Stungið hafði verið uppá því, að Karólína Kristjánsdóttir á Stóruþverá taki að sér að læra ljósmóður fræði. Mikið umtal varð um þetta mál og undir umræðunum kom fram þessi tillaga frá Einari á Hrauninu:

„Fundurinn felur hreppsnefndinni að semja við Karólínu Kristjánsdóttur á Stóruþverá, um, að fara til Reykjavíkur, þegar á þessu ári, og nema ljósmóðurfræði og verða síðan ljósmóðir hér í hreppnum framvegis"

Tillagan borin undir atkvæði og samþykt í einu hljóði.

9. Útbýtt skattskrám.

Fleira kom eigi til bókunar.
Fundargjörð lesin og samþykt.

Jón Jónsson
Guðm. Davíðsson

Laugardaginn 14. maí 1927, átti hreppsnefndin í Holtshreppi fund með sér í Tungu. Þetta gjörðist:

1. Oddviti lagði fram bréf frá Búnaðarfélagi Íslands viðvíkjandi nautgripasýningu ~~á næs~~ í sumar. Býðst Búnaðarfélagið til að leggja fram kr. 36.00, gegn eins miklu tillagi frá hreppnum. Var samþ. að taka boði Búnaðarfélagsins og að gera ráðstafanir til að sýningin verði haldin. Voru þeir kosnir í væntanlega dómnefnd Jón G. Jónsson í Tungu og Þorsteinn Helgason í Stórholti.

2. Oddviti skýrði frá því, að hann hefði tekið á móti tilboði frá Kristjáni í Stórubrekku um húslán til fundahalda. Býðst Kristján til að lána hús til allra fundahalda hreppsins, að niðurjöfnun undanskildri, fr. kr. 15.00 – fimmtán krónur. – Var tilboð þetta til ~~t~~ næsta fardagaárs. Var samþ. að ganga að tilboðinu.

3. – Var þá ~~fo~~ tekið fyrir að jafna niður útsvörunum ~~t~~ fyrir 1927. Er það fyrsta niðurjöfnun eftir nýju lögunum. Sökum þeirra laga og breytingu á reikningsári hreppsins var engu jafnað niður s.l. haust. —

Oddviti lagði fram áætlun með 6550 kr. útgjöldum. Til að fá uppí þau gjöld þarf ~~6000 kr~~ að jafna niður kr. 6000.

Tekjur á Skattskrá voru 101.668
Eignir á ——— — 218.711

Fyrst var athugað um persónugjald. Var nægilegt að hafa það 10 kr. á karlmann og 5 kr. á kvenmann. Því næst var gáð að jarðskatti: jarðskattur og nefgjald var samtals 366+900 = 1266 kr. Þá var rætt um frádrátt fyrir börnum. Var samþ. að draga 10 kr. frá fyrir ~~1~~ hverju ~~barni~~ yngri en 10. ára 2 eftir á: þ: þegar búið væri að reikna út útsvörin, Var það kr. 670.00.

Þá var farið að jafna niður og voru lagðar 3 kr. á hvert tekjuhundrað og 10 kr. á hvert eignaþúsund og fylgt hækkandi skattstiga sýslunefndarinnar.

þó voru ekki lagðar nema 2 kr. á hvert hundrað í tekjum búlausra manna.

Þegar þessu var lokið kom í ljós, að upp á áætlaða útsvarsupphæð vantaði kr. ca. 450.00 Þá var ~~ve~~ farið að athuga útsvörin nánar, hækkað hjá sumum og lækkað hjá öðrum. Unnust við það ca kr. 150.

Þá var loks bætt við útsvör allra búandi manna 5% af útsvörunum með áorðnum breytingum. Urðu þá útsvörin loks kr.

Árið 1927 mánudaginn 17/10
kom hreppsnefnd Haltshrepps saman í
Stórubrekku. Oddviti hafði tilkynt
fundinn sem skildi haldast á undan-
haust hreppaskilum, en aðeins 3
nefndarmenn mættu á fundinum
Þá var tekið fyrir

1 Lagðar fram reikningar frá Oddvit.
Hofshrepps við viðgjörða kostnaði við
aðgerðum á læknisbústað í Hofsós.
s. l. vor og var oddvita falið að greiða
reikning þennan ef hann teldi hann
á rökum byggðan.
2 Styrkveiting úr Ríkissjóði til
læknishjálpar árs í Haltshreppi
Oddvita hafði borist 4 umsóknir og
varð samkomulag að hafa þær allar til
til greina og skifta upp styrknum
hlutfalslega við kostnað
3 Skift Ellistyrktarfé hreppsins

og það sem kom til skifta þetts ár em
kr 245.00 og 9 um síðari komu fram
sem og allar sorar tekin ar til grein
og skift eins og þar um samin skrá
sýnir

4 Oddvita falið að semja við félagið Von.
um hús varanlega kenslu í húsi
félagsins í framtíðinni

Fleira gjörðist ekki.
fundargjörð upplesin og samþ.
fundi slitið

Jón Sigurðsson

Hannes Hannesson

Jóhann Guðmundsson

Árið 1928, þ. 18. Febrúar, var venjulegur
miðsvetrarfundur Holtshrepps haldinn
að Stórubrekku, að viðstöddum mörgum
bændum.
Þetta gjörðist:
1. Mál, sem væntanlega koma fyrir
Sýslufund:
a. Vegamál.
1. Samþykt í einu hljóði þessi tillaga:
„Fundurinn felur sýslunefndarmanni
Holtshrepps, að flytja þá áskorun fyrir
sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, að hún
láti, þegar á þessu ári leggja akveg
frá Haganesvík fram að Fljótaárbrú,
þar sem þessi leið má heita öll óvegleg
lagða frá enda til enda".
Tillagan borin undir atkvæði og samþykt
í einu hljóði.
2. Ennfremur var samþykt í einu hljóði
að fela Sýslunefndarmanninum að sækja
um svo mikinn styrk úr sýsluvegasjóði,
sem hann sér sér fært, til aðgjörða á
gömlu sýsluvegunum í Holtshreppi.
B. Rafveitumál: Máli þessu hafði verið
vísað heim í sveitirnar frá síðasta sýslufundi;
en þarsem ekki getur heitið að
nokkur almennur fundur hafi ~~hafi~~ getað
orðið haldinn í hreppnum síðan Sýslufundur
kom saman síðast, hefir eigi verið
hægt að bera mál þetta fram fyrir
hreppsbúa, fyr en á þessum fundi.

Tóku menn alment vel í málið og töldu
það bæði nauðsynlegt og tímabært. Sam=
þykkt var að bændur athuguðu spurning=
ar þær, sem um er að ræða og svöruðu
þeim á vorhreppaskilum næstu. Var
þetta samþykkt með 10 atkv. gegn 4.

II. Lesið upp bréf frá Stjórninni (atv.-mála=
ráðherra) um símaeinangraraabrot, og
brýnt fyrir mönnum, að vara unglinga
við því að nota einangrarana sem
skotspæni.

III. Lesið upp bréf frá milliþinganefnd í
Landbúnaðarmálum um ýmis legt við=
komandi jörðum í hreppnum.

IV. <u>Forðagæsla.</u>

Kom fram tillaga um það, að einn maður
taki að sér að skoða í öllum hreppnum
og taki hann með sér til hjálpar svo
marga menn, sem honum þykir við=
þurfa – einn í hvert sinn, á fáum bæ,
um –. Þessi maður skal fá 10 krónur
fyrir starfann, en hjálparmennirnir vinni
verkið kauplaust. Þetta var borið undir
atkvæði og samþykkt.

Jón bóndi á Gili bauð sig fram til
þess, að framkvæma ~~aðal~~ skoðunina
sem aðalmaður. Var hann kosinn með
yfirgnæfandi fjölda atkvæða.

V. Gengið eftir búðunarskýrslum.

VI. Kom fram fyrirspurn frá Pétri Jónssyni
á Teraunum um það hvernig „status" hrepps
ins hefði verið við síðustu reiknings=
lok, og fleira ~~þv~~ reikningnum viðkom=
andi. Svaraði oddviti fyrirspurnun=
um, eftir því sem hann mundi best.
Út af þessu kom fram þessi tillaga
frá Pétri:

„Fundurinn skorar á oddvita sinn, að
leggja efnahagsreikning og ársreikn=
ing yfir tekjur og gjöld hreppsins fyrir
miðsvetrarfund árlega."

Tillagan borin undir atkvæði og
samþykkt.

VII. Lestrarfélag hreppsins.

Kom fram fyrirspurn frá Pétri Jónssyni
á Teraunum um það hvernig ástatt væri
með lestrarfélagið – hvort nokkuð væri
keypt af bókum, hve mikið væri í sjóði
félagsins ef nokkuð væri o. fl. Óskaði jafn=
~~??~~ vel eftir að komist yrði í félag við lestrar=
félag Langanesshrepps, svo eitt bókafélag
yrði í sveitinni.

Oddviti svaraði fyrirspurnunum.

Miklar umræður urðu um málið, en
að þeim loknum kom fram þessi tillaga
frá Pétri Jónssyni:

„Fundurinn ályktar, að kjósa 3 manna
nefnd til framkvæmda fyrir bókafélag
hreppsins. Skal hún leita samvinnu við
lestrarfél. „Mími" í Langanesshreppi, og

leggja niðurstöður þeirra fyrir almenn=
an hreppsfund t. d. vorhreppaskil".
Tillagan borin undir atkvæði og feld
með miklum atkvæðamun.

VIII. Lesin ýms kröfubréf til hreppsins, o.fl. bréf
þar á meðal bréf viðvíkjandi Sigríði Hann=
esdóttur á Hólum.

Fundi slitið.

Fundargjörð upplesin og borin
undir atkvæði og samþykkt.

Jón G. Jónsson
Guðm. Davíðsson

Miðvikudaginn 30. maí 1928
kom hreppsnefndin í Holtshreppi
saman í Tungu til að jafna
niður útsvörum o.fl. Hafði það
ekki verið gert fyrri vegna for-
falla sumra hreppsnefndar-
mannanna. Gat þó Sveinn á
Bjarnargili ekki enn komið.
Þetta gerðist:

1. Oddviti gat þess, að krafa
hefði komið frá Reykjavík vegna
ekkju Árna Vigfússonar frá
Teigum. Á hún 3 börn. Sagðist
oddviti hafa krafist þess, að hún
væri flutt á sveit sína. Er nú
konan komin, en vill helst fara
suður aftur með 1 eða 2 börn.
Var hreppsnefndin á einu máli
um það, að ekki bæri að sinna
þeirri kröfu, sérstaklega þegar

henni hefir boðist staður með 1. barni hjá sóknarprestinum á Barði.

2. Oddviti kvaðst hafa talað við Kristján í Stórubrekku um fundahöld hjá honum ~~[illegible]~~ á þessu ári. Hafði Kristján lofað að taka í burtu skilrúm á milli 2. lítilla stofa en vill fá 20 kr. fyrir fundahöldin. Var ~~[illegible]~~ samþykt að ganga að því.

<u>3. Kosin kjörstjórn</u>, með oddvita, í sveitarmálum, Jóhann á Þrasastöðum Einar á Hraunum.

<u>4. Niðurjöfnun útsvara.</u>

Yfirkjörstjórn Skagafjarðarsýslu hafði samið reglur, sem sendar voru öllum hreppsnefndum í sýslunni, og ætlað var, að fara etti eftir við niðurjöfnun útsvara. Virtist nefndinni ~~[illegible]~~ vel farandi eftir þessum reglum, í aðalatriðum, og jafnaði niður eftir þeim, með svolitlum breytingum á.

<u>Vellugjald</u> varð 6 af þúsundi
<u>Eignagjald</u> — 10 — ———
<u>Tekjugjald</u> — 4 — hundraði

Dregið var 300 kr. frá fyrir hverju barni innan 14. ára og auk þess 300 kr. frá hverjum þeirra manna, karla og kvenna, sem taka fæði sitt hjá öðrum.
Jafnað var niður kr. 5000.00

Í byrjun fengust
| | |
|---|---|
| með af vellugjaldi | 1080.00 |
| af tekjum — | 2400.00 |
| — eignum — | 2000.00 |
| | 5480.00 |

Þá voru útsvörin athuguð
og sum hækkuð – lítið þó –
og sum lækkuð, uns summan
allra útsvaranna var komin
niður í áðurgreinda tölu.

Þess skal getið, að breytingar
þær, sem yfirskattanefnd hafði
gert á ~~sk~~ skatti síðasta árs
voru teknar með og jafnað niður
á þær eins, að öllu leyti, og
tekjur þessa árs. En allar ~~vo~~ fóru
þær breytingar til að auka tekj-
urnar.

Jón G. Jónsson

Árið 1928 miðvikudaginn 27 júní
kom hreppsnefndin í Haganeshrepps
saman í Stórubrekku. Þrátt fyrir
það, þó oddviti hafi tilkynnt öllum hrepps-
nefndarmönnum um fundinn með
nægum fyrirvara, þá vantaði eins
3 menn. Vantaði E.B. Guðmundsson
og Hannes Hannesson.
Þetta var fyrirtekið.

1 Oddviti gat þess, að það stæði til ~~að~~
að ~~..~~ oddvitakosning færi fram
eftir nýafstaðnar kosningar, en
þar sem allir hreppsnefndarmenn-
irnir voru ekki mættir, var því frestað.

2 Vegamál. Ákveðið var að ~~að~~ öll
hreppavegavinna fram að Bjarnar-
gili yrði unnin í Hraunabrekku
annan og þriðja júlí og skildi
Einar B. Guðmundsson á Hraun-
um vera verkstjóri.

Hreppavegavinnan frá á vestanverðu
unnin frá Skeiði að Slettu skal vinnast
á þeim parti undir umsjón Guðm
Benedikts sonar á Berghyl.

Aðalhreppsbúar á skuldþingmanna
hreppavegavinnu afhendi í ofsam halds
og gullholl vegi á samt sýsluvega
tillaginn.

3 Læknisvitjanarstyrkur
Oddviti tilkynnti að hjá sér væri
kr 163.60 sem veittar voru til
læknisvitjunar í Haltshreppi
fyrir árið 1927. og kom nefnd
inni saman um að skifta peningum
fé milli þeirra manna sem
hefðu að mikluleyti þurft á
læknis hjálp að halda á árinu
og var veitingin sem hér segir
~~Guðmundur Davíðsson Hraunum~~

kr 32.73. Pétur Jónsson Hraunum
kr 32 73 Hannes Hannesson Melbr.
– 32 -73 Jóhann Benedikts. Skeið –
– 32 - 73 Guðm Benedikts. Berghyl.
– 32 – 73 Guðm Davíðsson Hraunum
als 163 65

Fleira var ekki fyrirtekið
fundargjörð upplesin og samþ.
fundi slitið

Jón G. Jónsson
Pétur Jónsson
Guðm Benediktsson

Árið 1928 sunnudaginn 12 ágúst
kom hreppsnefndin í Fjallahreppi
saman í Skörubrekku allir hrepps-
nefndarmennirnir voru mættir
nema E.B. Guðmundsson í Hrau-
hraunum:

I Þetta var fyrirtekið:

1 Kosin hreppsnefndar oddviti og vara
oddviti til næstu 3 ára og hlaut
kosningu sem oddviti Jón G. Jónss
í Tungu sem var endurkosin-
og sem vara oddviti Pétur Jóns
son í Brúnastöðum

2. Útsvars kæra Magnúsar Þórðar
sonar Helgustöðum. og varð það
að samkomulagi að lækka útsvar
ið úr kr 168 niður í 120 kr eða um
kr 48.00.

3. Fjallskilamál ----

a Kosin var Fjallskilastjóri og var það sami
og verið hefur Hannes Hannesson í
Melbreið. og réttarstjóri endurkosin
Jón G. Jónsson í Tungu.

b Því sem tími var naumur kom hrepps-
nefndin sér saman um að fjallskila=
stjóri jafnaði niður fjallskilum í sam
ráði við oddvita.

c Þá ræddi hreppsnefndin um það Halls-
rétt væri í ýmsum atriðum í bótavant.
og fékk því oddvitanum að á meðan
hlutaðeigandi upprekstrarfélag Halls-
torfu manna að hafa réttina í ~~góðu~~ góðu lagi
og þeir sem hirða fé sitt í ~~Hallsréttinni~~
komi upp dilkum við réttina að öðrum
kosti verði fé þeirra rekið til aðalréttar

Fleira var ekki fyrirtekið fundar
gjörð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið

Jón G. Jónsson
Hannes Hannesson
Pétur Jónsson
Guðm Benediktsson

Árið 1929 miðvikudaginn
2 jan. kom hreppsnefnd Hallst.
saman í Tungu. Tvo hreppsnefnd-
armennina vantaði á fundinn
þá Pétur Jónsson og E. Blöndal (?)
þá var þetta fyrir tekið:

1. Skift ellistyrktarsjóð fé
Hallsthrepps fyrir árið 1928
og komu fram 9 umsóknir sem
allar voru teknar til greina
og það sem fékk sem skifta átti
voru kr 245.- og skiftust þeir styrk
sem hér segir.

| | |
|---|---|
| Guðrún Jónsdóttir = | kr 40 - |
| Guðrún Jóhannsdóttir | – 25 - |
| Lilja Sveinsdóttir | ... 20 - |
| Jón Ásmundsson | – 20 |
| | 105.- |

| | |
|---|---|
| Flutt – kr | – 105. |
| Arngrímur Sveinsson | 25 - |
| Ástríður Sigurðardóttir | – 20 - |
| Jóhann Benediktsson | 30 - |
| Kristín Pétursdóttir | 40 - |
| Ingibjörg Jóhannsdóttir | 25 - |
| als – kr | 245 - |

2 Oddviti skýrði frá því að leitað
hefði verið eftir hjá sér að fá Bogagerði
keypt. Álitið var á kveðið um það er var
fyrst og hallaðist nefndin að því að
selja sinn part í Hólum (?) ef viðunan-
legt boð fengist eða 6000 krónur fyrir
alla jörðina.

3 Rætt um lestrarfélagið en engin
ákvörðun tekin.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundargjörð
upplesin og samþykkt.

Jón G. Jónsson   Gestur Benediktsson
Hannes Hannesson

Árið 1929, þann 16. Febrúar, var
almennur bændafundur haldinn að Stóru=
brekku til þess að ræða um ýms áhuga=
mál hreppsins.

Þetta gjörðist:

1. Vegamál.

A. Þessi tillaga var borin undir atkvæði
og samþykt í einu hljóði:

Fundurinn samþykkir að fela sýslunefndar-
manninum að styðja að því, að vegurinn
frá Haganesvík ~~að~~ fram Fljótin komist
sem allra lengst á þessu ári.

B. Fundurinn skorar á Sýslunefndina,
að hún sjái um, að Vegamálastjóri
láti rannsaka og ákveða framhald af vega=
stæði frá Fljótaárbrú inn Fljótin,
þegar á næsta sumri.

2. Borin upp þessi tillaga og samþykt í einu
hljóði:

Fundurinn veitir Þorsteini bónda Helga-
syni á Stóra=Holti eindregin meðmæli
sín með því, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu
veiti honum styrk til dýralækninga-
verkfærakaupa, svo sem hann fer fram á.

3. Fóðurgæsla. Kosnir skoðunarmenn
Ólafur Arngrímsson á Gili og Jón Jónsson
á Stóra=Holti í þessum hreppi að þessu
vetri. Framkvæma þeir skoðunina í Mars=
mánuði og inna starfið af hendi ~~endur~~
kauplaust.

4. Kom fram uppástunga um það, að nauðsyn
bæri til þess, að þessi hreppur léti ekki svo
hjálíða sumarið 1930, að þess yrði ekki minst
á einhvern viðeigandi hátt. En til þess, að
undirbúningur yrði með einhverju móti í
lagi; þótti réttast að kjósa nefnd til þess
að halda málinu vakandi og undirbúa það
svo sem henni þætti hentast. Þessir voru kosnir:

1. Jón G. Jónsson á Tungu með 17 atkvæðum
2. Páll Sigurðsson á Lundi — 14 —
3. Pétur Jónsson á Brúnastöð. — 11 —
4. Guðm. Dav. á Hraunum — 10 —
5. Jóhann Guðm. á Þrasast. — 9 —

Einar Guðm. á Hraunum fékk og 9 atkvæði og
var dregið á milli hans og Jóhannes

5. Til tals kom, að nauðsyn bæri til að stækka
svonefnda Kleifarétt, í óskiftu landi Stóru= og
Minniþverá. Eigandi Minniþverár Bogi Jóhannesson
vildi ekki leyfa stækkun réttarinnar, nema
að eigandi Stóruþverár — Guðrún Árnadóttir —
leyfði það líka. Björn Stefánsson ábúandi
Stóruþverár tekur að sér að útvega leyfi Guðrúnar
og leyfir þá Bogi fyrir sitt leyti stækkunina
þeir sem hlut eiga að máli — á Vesturkjálkanum
stækka réttina á sinn eginn kostnað og
halda henni við.

6. Lestrarfélagið: Mikið var talað um
lestrarfélag hreppsins. Eftir langar umræður
var samþykkt að kjósa þriggja manna
nefnd til að undirbúa mál þetta á þeim
grundvelli, að félagið yrði framvegis frjálst
lestrarfélag með vissu árs tillagi. Kosn=
ingu hlutu: Sveinn á Bjarnargili, Páll á
Sandi og Jón á Móafelli. Skal hún hafa lokið
störfum sínum í síðasta lagi fyrir vor=
hreppaskil næstu.

7. Vorgöngur til fjár. Vísað til hreppsnefndarinnar.
Sömuleiðis vísað til hreppsnefndar, að athuga
hvort ekki væri tiltækilegt að jafna niður
göngum — haust og vor — jafnt í heimalönd
sem afréttir.

Fleira kom eigi til bókunar.
Fundargjörð lesin og samþykkt.
Jón G. Jónsson
Guðm. Davíðsson.

Ár 1929 þann 20. apríl var
almennur hreppsfundur haldinn
að Stóru-brekku, samkvæmt
undangengnu fundarboði frá oddvita, til
þess aðallega að taka ákvörðun
um hvort sýsluvegaskattur-
inn skuli greiðast af íbúendum
hreppsins. En þar sem
ekki voru allir komnir, sem
væntanlegir voru, var aðal-
málinu frestað en fyrst tekið:

1. – Erindi frá Kirkjumálanefnd-
inni, um sameiningu presta-
kalla o.fl. Var málið ekki
rætt, og virtust menn sam-
mála um fækkun presta,
einkum í sambandi við
nokkurn útvarpi. –

2. Sýsluvegaskattur.

Fundarstjóri skýrði frá því að sú hefði borist áskorun frá nokkrum hreppum sýslunnar um að sýsluvegaskatturinn yrði tekinn með útsvörunum. Eftir allmiklar umræður var gengið til atkv. um svo-hljóðandi tillögu:

Fundurinn áskorar að framvegis verði sýsluvega-gjaldið tekið með útsvör-unum.

Tillagan feld með 18:9 atkv.

3. Kosnir til að gera upp ómaga-skifti við Haganeshrepp þeir

Jón G. Jónsson Tungu
Einar B. Guðm. Hraunum
Pétur Jónsson Brúnastöðum

4. Sjúkrasamlag.

Ólafur Arngrímsson á Gili hafði flutt kveðju frá ungmenna-fél. Holtshrepps, þar sem það óskar eftir samvinnu við hreppinn um undirbúning og stofnun sjúkrasjóðs fyrir sveitina. Þar sem málið var lítt undirbúið voru kosnir 3 menn til að athuga málið frekar. Kosnir voru:

Ólafur Arngrímsson
Einar B. Guðmundsson
Hannes Hannesson.

5. Oddviti hafði meðferðis kjörskrá gildandi frá 1. júlí n.k. og skrá styrktarsj. ~~yfir verkfæra menn í hreppnum~~. Gat hann þess að ekki þessa lagi

frammi í Tungu-almenning
til sýnis-um tögaksturinn
Fleira ekki fyrir tekið.
Fundarbók upplesin og samþ.

Jón G. Jónsson

Pét. Jónsson.

Laugardaginn þ. 20. april, 1929
átti hreppsnefndin í Holtshreppi
fund með sér í Stóru-brekku.
Var þá tekið fyrir:
1. Að skifta læknisvitjunarstyrk
þeim, sem til fellst þetta ár,
úr ríkissjóði, sem að þessu sinni
var kr. 163.64. Fimm umsóknir
höfðu oddvita borist ásamt
reikningum frá héraðslækninum,
frá þessum mönnum:
1. Jakob Sigtryggssyni; Miðbreið
2. Þorláki Stefánssyni; Gautastöðum
3. Dagbjörtu Jónsdóttur, Heimastöðum
4. Jóni G. Jónssyni, Tungu
5. Sveini Jónssyni, Bjarnargili
Fór skiftingin svo, að:

| | |
|---|---|
| no. 1 fékk | 36,82 |
| — 2 — | 30.00 |
| — 3 — | 36,82 |
| — 4 — | 30. — |
| — 5 — | 30. — |

2. Oddvita hafði borist boð um kaup á Bakka, ~~fyrir~~ til handa hreppnum, frá eiganda hans, Páli Arngrímssyni, fr. kr. 1500.00. Hreppurinn sá sér ekki fært að ráðast í þau kaup, og fól hreppsnefndin oddvita að afsala ~~hreppnum~~ ~~við jörðinni~~ forkaupsrétti á ~~við~~ þeirri jörð.

3. Í síðastliðnu hausti var boðið upp svartur lambhrútur við Stýfsurétt ~~með markinu~~ sem Sveinn á Bjarnargili telur líklegt að hann hafi átt. Telst hreppsnefndin á að það mundi vera rétt og skal Sveinn hafa hrútinn.

Fleira ekki fyrirtekið.

Jón G. Jónsson Einar B. Guðmundsson
Guðm. Benediktsson Hannes Hannesson
Pétur Jónsson

1929

Mánudaginn, 13. maí kom hreppsnefndin í Holtshreppi saman í Tungu. Verkefni var að jafna niður útsvörum. Tók það 2 daga.

Jafnað var niður rúmum 3000 krónum, þannig, að

Vellugjald varð 6 kr. af þúsundi
Eignagjald 8 — —
Tekjugjald 3½ — hundraði.

Vellugjald er tekið af brúttótekjum á skattskrá. Eignagjald af nettóeignum og tekjugjald af nettotekjum. Dregið var frá 300 kr fyrir hverju barni innan fermingar og 200 kr. úr tekjum hvers þess gjaldanda, sem tekur fæði sitt hjá öðrum.

Með þessu lagi fengust út

kr. 5730.

þá voru útsvörin athuguð og lækkað á allmörgum. Nam lækkunin samtals ca. 500 kr. Hækkanir voru sama sem engar.

Veltugjald varð
Eignagjald —
Tekjugjald —

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerð lesin og samþ.

Jón L. Jónsson
Einar B. Guðmundss
Hannes Hannesson
Pétur Jónsson
Guðm Benediktsson

Miðvikudaginn þ. 29. maí 1929 áttu kjörnir menn úr Holts- og Haganeshreppum fund með sér í Haganesvík, 3 menn úr hvorum hreppi. Voru þeir kosnir til að ~~ráðstafa~~ skifta á milli hreppanna þurfamönnum þeim, sem báðir hrepparnir eiga í sameiningu, ~~að~~ og það framhald af skifti því, sem hafið var 29. apríl 1924.

Eftir þónokkrar umræður var samþykt að ~~skifta~~ haga skiftingunni sem líkast því, sem gert var 1924, þó var engum þurfamanni skift til fulls í þetta sinn.

Haganeshreppur hlaut:

þorkel Friðriksson
Kristjönu Jónsdóttur
~~Jakob~~ Ekkja Árni Sigfússonar
Salbjörgu Jónsdóttur
Svein Sigurðsson
Laufeyju Frímannsdóttur

Holtshreppur hlaut:
Guðjón Jóhannsson
Einar Jónsson
Hallgrím Jónsson
Kristínu Jónsdóttir
Guðmund Hallidason
Pálínu Sigurðardóttir

Þessum þurfamönnum var skift til 5 næstu ára frá næstkomandi fardögum.

Halldóra Skúladóttir skyldi vera sameiginleg með báðum hreppum, þar eð úrskurður er um ekki fallinn í sveitfestismáli hennar.

Þeir þurfamenn, sem nýir bætast við ~~&~~ ~~ne~~ skulu falla þeim hreppi þar, sem þeir síðast áttu sveitfesti í og skal þeim skift á milli hreppanna að fimm árum liðnum, ásamt þeim, ~~hin~~ af undantöldum þurfamönnum, sem þá verða á lífi.

Fundar gjörð upplesin og samþykt.

Eiríkur Ögmundsson   Jón G. Jónsson
Stanley Melax.   Pétur Jónsson
Einar B. Guðmundsson.
Ól. Magnússon

Ár 1929 föstudaginn 28. júní
var hreppsnefndin í Holtshrepp
samankomin á fund á
Stórubrekku. Var þar fyrir-
tekið:

1. Útsvarskæra Jóhannes Guð-
mundssonar bónda á
Þrasastöðum. Virtist all-
mikla munur um
málið, en þar sem hrepps-
nefndinni virtist að ekki
koma fram nein sérstök
rök, sem réttlættu breyting
frá niðurjöfnun, úrskurðaði
hin ~~hreppsne~~fndin í einu

hljóði, að útsvar kærandi
Jóhannes Guðmundssonar
og samanburður manns
hans Steins Jónssonar á Kyldu
óbreytt standa.

~~Fleira var ekki fyrir
tekið fundargjörð upplesin~~

2. Hreppsvegavinna.
Alls voru til ráðstöfunar
38 dagsverk frá þessu ári, og
1 frá í fyrra = 39. – Var
ákveðið að vinna á þessum
stöðum:

| | | |
|---|---|---|
| Á Sléttumóum | 7 | dagsverk |
| Við Gautaskarðslæk | 2 | — |
| Á Melbreiðsbrauk | 2 | — |
| Á Hramabrauk | 13 | — |

| | | |
|---|---|---|
| Flyt | 21. | dagur. |
| Á Reykjaleiti | 1/2 | — |
| Milli Reykjavír og Brúnast. | 8 | — |
| Í Brattabrekku | 5 | — |
| Alls | 39 | — |

Fleira ekki fyrir tekið,
fundarbók upplesin og samþ.

Jón G. Jónsson
Pétur Jónsson
Einar B. Guðmundsson.
Hannes Hannesson
Guðm Benediktsson

Laugardaginn 10. ágúst áttu
hreppsnefndin í Holtshreppi fund
með skólanefndinni í sama hreppi
á "Miðgarði" í Stýflu. Tilefni fund-
arins var hvort setja bæri upp
fastan skóla eða halda farskólanum
eins og verið hefir.

Með því, að fastur skóli hefir marga
kosti fram yfir farskóla voru menn
á einu máli um það ~~stofn~~ að áskilið
væri að hann kæmist á stofn ef
sæmilegur kennari fengist og undan-
þága fengist frá fræðslulögunum
þannig að mætti kenna á 2 stöðum.

Þá lagði oddvitinn fram bréf frá
Sigursteini Magnússyni, kennara,
þar sem hann gefur kost á sér til
kennara við væntanlegan fastan
skóla. Býðst hann til að gefa eftir
kr. 300 — þrjú hundruð krónur — af kaup-
inu í 2 næstu ár, ~~eftir~~ til þess að

~~komið~~ útvegið verði fyrir [sic] barnaskóla kensluáhöld, ~~fyrir~~ gegn því, að hann þurfi engin opinber gjöld að greiða til hreppsþarfa það sama ár. Út frá þessu var samþykt:

* Fastur skóli skal settur á stofn ef:

a) kenna má á 2 stöðum,
b) kennarinn verður búsettur í sveitinni;
c) kennarinn vill leggja kr. 300 – þrjúhundruð krónur – af kaupi sínu hvort árið hinna tveggja fyrstu, sem hann fæst við kenslu í hreppnum, til kennsluáhaldakaupa, ~~í svo verði sign~~ handa skólanum.
d) kennarinn vill ~~skue~~ fastráða sig til kenslunnar í næstu 3 ár.

Fjallskilamál.

Dálítið var rætt um það. Var samþ. að Hannes á Melbreið skyldi vera Fjallskilastjóri, eins og undanfarin ár og sjá um alla framkvæmd þar að lútandi, og Jón í Tungu réttarstjóri við Stýflurétt.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið er fundarg. hafði verið lesin upp og samþ.

Jón G. Jónsson
Hannes Hannesson
Einar B. Guðmundsson.
Pétur Jónsson
Jóhann Guðmundsson.

Árið 1929 laugardaginn
28 desember hélt hreppsnefndin
Hallshrepps fund með sér að Stóra
brekku. að eins 3 hreppsnefndarm.
voru mættir vantaði Pétur Jónsson
og E.B. Guðmundsson.
Það var fyrir tekið að skifta elli
styrktar fé hreppsins ~~sem~~ kom
til úthlutunar á árinu er voru
kr 240.00. er skildi skifast.
að þessu sinni. höfðu komið
fram 8 umsóknir. eða jafn vel
9 en það sem umsókn frá Gísl-
björnum var nokkurn veginn
sameiginleg. en hún að eins tal-
in hér sem ein umsókn.
voru svo allir mættir hrepps
nefndarmenn á einu máli um
að skiftin færu fram sem hér segir
Kristín Þorkelsdóttir Kr 50
Guðrún Jónsdóttir — 40
Kr 90

| | | |
|---|---|---|
| Flutt | Kr | 90.00 |
| Jóhann Benediktsson | — | 35 |
| Guðbjörg Jóhannsd. | — | 25 |
| Jón Guðm. f. son | — | 20 |
| Ásgrímur Sveinsson | — | 30 |
| Jón Guðvarðarson | — | 20 |
| Lilja Sveinsdóttir | — | 20 |
| | alls Kr | 240 |

Ýms mál voru rædd hreppnum viðvíkjandi, en það sem ekki voru mættir allir hreppsnefndarmenninir þá var ekkert útrætt. sem á staðnum þótti að bíða.
Fleira ekki fyrir tekið. Fundargjörð upplesin og samþykt.
Fundi slitið
Jón G. Jónsson
Hannes Hannesson
Gutt. Benediktsson

Árið 1930 þriðjudaginn 27 jan. hélt hreppsnefnd Haltshrepps fund með sér á fundarstað hreppsins Stóra-bakka.

Guðmundur Skarphéðinsson skólastjóri á Siglufirði hafði óskað eftir að sitja fundinn og var þarna mættur á var fyrir tilkið

1 Rafvirkjun. Guðmundur Skarphéðinsson í umboði Siglufjarðar Kaupstaðar býður hreppsnefndinni sameiginlega rafvirkjun við Skeiðsfoss og gefur hreppnum fengið að virkja alt að 200 hestöfl.

Guðmundur lagði fram samnings grundvöll fyrir virkuninni.

svo hljóðandi:

Milli hreppsnefndar Haltshrepps annarsvegar og Siglufjarðar Kaupstaðar hinsvegar er gjörður svo hljóðandi samningur.

1 Siglufjarðar Kaupstaður skuldbindur sig ef hann virkjar Skeiðsfoss að gefa hreppsnefnd Haltshrepps kost á um leið að vera með í virkjuninni fyrir alt að 160 hestöfl

2 Haltshreppur stendur sjálfur straum af hlut fallslegum kostnaði virkjunarinnar að sínum hluta. án þess að Siglufj. Kaupstaður beri nokkra fjárhagslega ábyrgð á þeim hluta. Nú tekur Haltshreppur að sér ákveðinn hluta rafvirkjunarinnar að öllu eða nokkru leyti sem kemst samningi þessum og fer þá Haltshreppur ~~og fer þá Haltshreppur~~ sinn hluta hjá Siglufjarðar Kaupstað fyrir kostnaðar við virkjunar kostnaðar með

vöxtum og hlutfallslegum við þá bæringu kostnaði, án þess að Siglufjarðar kaupst. megi leggja á nokkuð annað en venjulega útlánsvexti. Nú verður ágreiningur um hvað séu réttir vextir af kostnaði og sker þá úr því maður útnefndur af atvinnumálaráðherra.

3. Hvorki í Siglufjarðar kaupstað eða í Holtshreppi má leggja nokkur gjöld eða skatta á rafvirkjun þá sem hér um ræðir eða mannvirki og rekstur tilheyrandi virkjun Skeiðsfoss. Afgreitt bæjarstjórn Siglufjarðar að slíkt verði eigi gjört. Siglufjarðarkaupsta og hreppsnefnd

Holtshrepps að slíkt verði eigi gjört á mannvirki og rekstur í Holtsh.

4 - Hreppsnefnd Holtshrepps lýsir að öllu leyti yfir annarar rafveitu

er hún ein leggur og verðlagið raforku þeirri sem hún kynni að virkja sem kvað sem nægi þessum.

5 Ef Holtshreppur tekur þátt í virkjun Skeiðsfoss þá leggur hann fram hlutfallslegan kostnað við rekstur og viðhald rafstöðvarinnar við Skeiðsfoss, en er að öllu óviðkomandi rekstur og viðhald rafveitu þess sem einungis er fyrir Siglufjörð. Nú rís ágreiningur um skiptingu hins sameiginlega rekstrar og viðhaldskostnaðar og sker þá úr einskonar þess maður atvinnumálaráðherra tilnefnir vera um þátt bindandi fyrir báða aðila.

6 Holtshreppur má eigi framselja öðrum nema með samþykki Siglufjarðarkaupst. þann rétt sem að framan er greint um þátttöku í virkjun Skeiðsfoss.

7 Ef Holtshreppur ekki vill taka þátt í virkjun Skeiðsfoss um leið og Siglufj.

Kaupstaður. þá heldst þó réttur hans
til virkjunar á framan greindri
ár frá því að Siglufjarðar Kaupst.
er virkjar Skeiðsfoss.
Nú fer hreppurinn sér hann ekki
innan þess tíma, á réttur hans til virkj
unar annars fallinn niður.
Eftir þetta. Skólastjórinn hafði skýrt
all ítarlega heldur álit málsins
og eftir nokkrar umræður kom fra
svo hljóðandi tillaga:
Að gefnu tilefni lýsir hreppsnefndin
í Holtshreppi því yfir að hún er tilbúin
sameiginlegri rafvirkjun við Siglu
fjarðar Kaupstað á svipuðum grund
velli og Guðmundur Skarphéðinsson
hefir lagt fram í samningsuppkasti
að öðru leyti telur nefndin sig ekki

við því búna að gefa nokkur ákveðin
svör á þessu stigi málsins.
Tillagan borin upp og samþykkt með
4 gegn 1 atkvæði.

Fleira ekki fyrir tekið fundar
gjörð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið.

Jón Kr. Jónsson Pétur Jónsson
Gunnar Benediktsson Hannes Hannesson

Einar B Guðmundsson

Þareð það var ég E.B. Guðmundss.
sem greiddi atkvæði á móti tillögunni
sem samþykkt var, vil ég geta þess
hér, að þó að ég sé málinu hlyntur vil
ég ekki fara lengra í yfirlýsingu á

þessu stigi málsins en það, að og teldi líklegt að og að hyllist samningsgrundvöll Guðmundar og Sigf. vinna samkvæmt því

Einar B Guðmundsson

Árið 1930 laugardaginn 22 febrúar var almennur hreppsfundur haldinn að Stóru brekku í Holtshreppi.
Oddviti Holtshrepps Jón B Jónsson setti fundinn og stjórnaði honum og nefndi hann til skrifara Jóhann Guðmundsson

Þetta gjörðist

I Bryggja í Haganesvík
Eftir nokkrar skýringar frá oddvita bar hann fram svohljóðandi tillögu "Fundurinn samþykkir að fara þess á leit við sýslunefnd Skagfirðinga að hún veiti fé til bryggjubyggingar í Haganesvík alt að kr 3000.00 þegar hentugur undirbúningur hefir verið gjörður og hlutaðeigandi notendur sjóvar þess að byrja á verkinu.
Tillagan borin undir atkvæði og samþykt í einu hljóði.

II Rafvirkjun. Fundarstjóri las upp fundargjörð dagsetta frá 27 janúar þetta ár, þar sem hreppsnefnd Holtshrepps hafði haldið fund um málið ásamt fulltrúa frá Siglufjarðarkaupstað Guðmundi Skarphéðinssyni. Engin ákvörðun var tekin á þeim fundi og málið því lagt fyrir þennan fund. Mjög mikið var rætt um málið á við og dreif, að lokum kom fram tillaga frá Pétri Jónssyni svohljóðandi:
Fundurinn ákveður að * láta gjöra ábyggilega áætlun um hvað veitan um sveitina mundi kosta og safna framtölum um orkuþörf heimilanna.

* félagshreppsnefndinni

tillagan borin undir atkvæði og samþykt með 14 gegn 1 atkvæði. Sitt 5. greiddu ekki atkvæði.

III Bílvegur. Úr því gjört er að lagður verði bílfær vegur milli Siglufjarðar og Fljóta, en um hvor leiðin getur verið að ræða hvar hann verði lagður. Svo sem um Dalaýfir Skjöld eða sem næst svokallaðri Botnaleið. eftir nokkrar umræður kom fram svohljóðandi tillaga frá Jóni Gíslasyni: Fundurinn samþykkir að nálægt botnaleið sé sjálfsagðasta leið til bílvegastæðis milli Fljóta og Siglufjarðar og mælist eindregið með því að sú leið verði tekin.
Tillagan borin undir atkvæði og samþykt í einu hljóði.

IV Vegamál

a Um veginn frá Haganesvík að Fljótaárbrú kom fram svohljóðandi Tillaga: Fundurinn samþykkir að fela sýslunefndarmanni hreppsins að beita sér fyrir því að vegurinn frá Haganesvík að Fljótaárbrú komist sem allra mest í leiðs... á þessu ári. Tillagan borin undir atkvæði og samþ. í einu hljóði

b. Enfremur skorað á sýslunefndina að hún hlutist til um að Vegamálastjóri láti rannsaka og ákveða framtíðarvegastæði frá Fljótaárbrú inn Fljótin á næsta sumri.

c Tillaga Fundurinn felur sýslunefndarmanni hreppsins að sækja um úr sýslusjóði svo mikið fé til að gjörð og framhalds vegar í Fljótum sem hann sér sér fært.
Samþykt í einu hljóði

V Oddviti spurðist fyrir um það hvort ekki væri alment baðað í hreppnum og kom það í ljós að allir hefðu baðað

í þessum vetri. undanskilur
Pétur Jónsson Brúnastöðum sem
ekki hefir getað baðað fé sitt vegna
veikinda. og Magnús Þórðarson á
Helgustöðum á óbaðaða. þar 9 kindur er
hann hefir á fóðrum

VI Fjallskilamál

Sveinn Jónsson í Bjarnargili
bar fram kvörtun um það mjög væri
hreppsnefndin að gjöra kaust með það að
gæta skilduþinna, að hafa þá stjórn
á fjallskilamálum hreppsins sem henni
bæri og tók þvertig að hún jafnaði ekki
niður á heimalönd manna fjallskilum
Eftir allmiklar umræður kom fram
frá Sveini Jónssyni svohljóðandi
tillaga. Fundurinn samþykkir að
skora á hreppsnefndina að jafna

niður á öll heimalönd í upprekstrar
svæðinu á næsta haust. ef fjallskilareglu
gjörð mæli svo fyrir.

Tillagan samþykt.

Ýmislegt fleira kom til umræðu
á fundinum sem ekki þótti ástæða að
bóka um.

Fleira ekki fyrirtekið fundargjörð-
upplesin og samþykt.

fundi slitið

Jón St. Jónsson
Jóhann Guðmundsson

Árið 1930 16 maí kom hreppsnefnd
Holts hrepps saman á Stórubrekku að ræða um
forkaupsrétt á jörðinni Helgustöðum sem
hreppnum stóð þá til boða. allir hreppsnefndir
voru á einu máli um það að nota ekki forkaups
rétt sinn, en samt sem áður álit hún nauðsyn
að nauð sín beri til að Magnús Þórðarson

fenborta af jörðinni í næst komandi
fardögum. Þar sem við lægi en hætta að
hann eini segi sinn sveit. í Hallshreppi á sam
Lovísu Björnsdóttir ráðskonu sinni
Varð það því að sam komu lagi með nefn
inni að Hallshrepps gengi í ábyrgð f
Jón Jónsson þá kaupanda Helgustaða fyr
þeirri upphæð sem Jón þyrfti að greiða
fyrir jörðina meira enn að hann fengi út á
hana úr ræktunarsjóðnum sem búist va
við ~~að yrði~~ að irði C. 600 til 800 hundruð kr

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið.

Jón Is. Jónsson Pétr. Jónsson

Hannes Hannesson

Guðm. Benidiktsson [illegible]

Einar B. Guðmundsson